

Ársrit Breiðabliks

Knattspyrnudeild

Desember / 2010

Íslandsmeistarar 2010

Viðtöl við leikmenn

Fréttir af öllum flokkum

Myndir úr starfinu



**HALLGERÐUR „LANGBRÓK“
HÖSKULDSDÓTTIR**

Einn mesti kvenskörungur sem sögur fara af á Íslandi. Hún þótti kvenna fegurst en að sama skapi stórlýnd og óstýrilát.

**Þegar lífið er
óútreiknanlegt þá er
gott að vera ánægður
með tryggingafélaginu sitt.**

ÁNÆGÐUSTU VIÐSKIPTAVINIR TRYGGINGAFÉLAGA ERU HJÁ VERÐI

Hringdu í 514 1000 eða farðu inn á vorður.is til að fá frekari vitneskju og tilboð í tryggingar þínar.

EINFALDAR TRYGGINGAR FYRIR FLÓKIÐ LÍF

 **vörður**



**Ársrit
knattspyrnudeildar
Breiðabliks 2010**

Útgefið í desember 2010

Útgefandi:

Knattspyrnudeild
Breiðabliks

Ábyrgðarmaður:

Svavar Józsefsson

Ritstjóri:

Andrés Pétursson

Ritnefnd:

Borghildur Sigurðardóttir
Guðjón Már Sveinsson
Helgi Þór Jónasson
Kristján I. Gunnarsson
Gunnar Reynir Valþórsson
Svavar Józsefsson

Prófarkalestur:

Anna Vilborg Einarsdóttir

Hönnun og umbrot:

Porkell J. Sigurðsson

Ljósmyndir:

Flosi Ásmundsson,
Geir Guðsteinsson,
Kópavogsblaðið,
Marteinn Sigurgeirsson,
Andrés Pétursson,
Hilmar Þór Guðmundsson
sport.is
Þórdís Inga Þórarinsdóttir,
Douglas Keegan „Choose
Life“ Scotland Suicide
Prevention,
Ómar Stefánsson,
Gylfi Steinn Gunnarsson,
Unglingaráð knattspyrnu-
deildar Breiðabliks

Forsíðumynd:

Landsliðsmaðurinn
kraftmikli Guðmundur
Kristjánsson á fullri ferð í
sumar. Í bakgrunni er leik-
maðurinn efnilegi Finnur
Orri Margeirsson.
Mynd: Flosi Ásmundsson.

www.breiðablik.is
www.blikar.is
knattspyrna@breiðablik.is

Árið 2010 reyndist knattspyrnudeild Breiðabliks happadrjúgt og var uppskeran ríkuleg. Yngri flokkar deildarinnar hömпуðu átta Íslandsmeistararitlum og tveimur bikarmeistararitlum auk þess að ná góðum árangri á öðrum mótum. Fjöldi Blika spilaði með yngri landsliðum og A landsliðum karla og kvenna. Ennfremur varð eldri flokkur karla, 30+, Íslandsmeistari.

Hápunktur sumarsins var án efa þegar Breiðablik varð í fyrsta sinn Íslandsmeistari í meistaraflokki karla. Þar með náðist langþráður áfangi og óhætt að segja að liðið hafi verið vel að titlinum komið og félagi sínu og bæjarfélagi til mikils sóma.

Blikar höfðu í nógu að snúast í Evrópukeppnum í

Blikar í fararbroddi

ár. Meistaraflokkur karla tók í fyrsta sinn þátt og mætti Motherwell FC frá Skotlandi í forkeppni. Breiðablik tapaði báðum viðureignum með litlum mun. Liðið stóð sig einkar vel og þurftu Skotarnir að hafa fyrir sigrunum. Þá tók meistaraflokkur kvenna þátt í forkeppni Meistaradeildar kvenna og hafði Breiðablik umsjón með riðli í keppninni. Hingað komu lið frá Juvisy frá Frakklandi, Targu Mures frá Rúmeníu og Levadia frá Eistlandi. Undirbúningur og framkvæmd riðilsins tókst með þryði og er öllum þeim sjálfboðaliðum, sem komu við sögu, færðar þakkir. Breiðablik komst upp úr riðlinum og mætti svo aftur Juvisy frá Frakklandi í 32ja liða úrslitum en féll þá úr keppni.



Einar Kristján Jónsson formaður knattspyrnudeildar Breiðabliks.

Fjárhagsleg staða knattspyrnudeildar Breiðabliks batnaði til muna á árinu bæði með tilkomu tekna vegna félagaskipta og Íslandsmeistararitils. Rekstur deildarinnar hefur verið mjög erfiður síðastliðin ár og það var því ánægjulegt að sjá þar viðsnúning sem hefur gert mögulegt að greiða niður skuldir deildarinnar. Á hinn bóginn er rekstur deildarinnar þungur og tekjur frá samstarfsaðilum hafa minnkað verulega á síðustu árum. Því er mikilvægt að gæta áfram aðhalds í rekstri og sækja tekjur til styrktaraðila.

Knattspyrnudeildin hefur frá því í haust aukið enn frekar áherslu á afreksþjálfun og fjölgað í þjálfarateymi deildarinnar til að bæta þjónustu við unga afreks-

iðkendur. Með því móti er stefnt að því að gera félagið að mestu sjálfu sér nægt um leikmenn í meistaraflokki karla og kvenna á næstu árum. Efniviðurinn í félaginu er góður en mikilvægt er að hlúa sem best að honum svo hann fái að eflast og þroskast.

Ísinn hefur verið brotinn og Blikar ætla sér að vera í fararbroddi íslenskrar knattspyrnu um ókomin ár.

Íslandi allt!

Einar Kristján Jónsson
formaður
knattspyrnudeildar
Breiðabliks

Rík uppskera á afmælisári

Árið 2010 verður án efa lengi í minnum haft hjá Blikum. Um áratuga skeið hefur félagið lagt mikla áherslu á gæði og vönduð vinnubrögð í starfi yngri flokka drengja og stúlkna í knattspyrnu. Þar hefur árangurinn ekki látið á sér standa og eru mikill iðkenda- og titlafjöldi skýrasta dæmið þar um. Þá er það þekkt að meistaraflokkur kvenna hefur í gegnum tíðina átt góðu gengi að fagna, en í kvennaknattspyrnunni eru Blikar brautryðjendur á Íslandi. Lengi hefur því verið beðið eftir því að meistaraflokkur karla ynni stóra titilinn. Sú stund rann loks upp haustið 2010, á sextugasta afmælisári félagsins, þegar leikmenn þess flokks tryggðu félaginu Íslandsmeistaratitilinn.

Breiðablik er fjöldahreyfing. Um 700.000 gestir venja komur sínar í höfuðstöðvar félagsins ár hvert. Innan félagsins eru nú vel á þriðja þúsund iðkendur. Þar af leggja hátt í 1400 stund á knattspyrnu.

150 - 200 börn hefja ár hvert knattspyrnuæfingar hjá félaginu. Vitað er að þessi börn verða ekki öll afreksmenn í knattspyrnu þegar fram líða stundir.



Orri Hlöðversson formaður Breiðabliks.

Megináherslan í starfi félagsins er þess vegna ekki eingöngu afreksmiðuð eins og stundum er haldið fram. Pungamiðjan felst í því að veita börnum og ungmennum innsýn inn í uppbyggilegan heim íþróttanna. Heilbrigði, virðing,

samkennd, félagsproski og sjálfstraust eru eiginleikar sem lögð er áhersla á að byggja upp hjá þeim sem alast upp innan Breiðabliks.

Öflug og markviss afrekstefna er samt sem áður gríðarlega mikilvæg. Mörkin á milli æskulýðs-

starfs og afreka eru ekki alltaf skýr. Þó er ljóst að þessir pólar í starfinu næra hvern annan og samspil þeirra er öflugu félagsstarfi lífsnauðsynlegt.

Vegna þess mikla fjölda sem leggur stund á íþróttir á vegum Breiðabliks þá snertir félagið daglegt líf þúsunda heimila í Kópavogi. Kópavogsbær hefur stutt vel við bakið á félaginu á undanförunum árum sem komið hefur þessum heimilum til góða.

En þrátt fyrir mikið umfang og stuðning yfirvalda má ekki gleyma því að félagsstarfið er fyrst og fremst í höndum sjálfboðaliða enn þann dag í dag. Allir, sem sitja í stjórnnum, nefndum og ráðum á vegum félagsins gera það í frítíma sínum án þóknunar. Þá leggja foreldrar iðkenda á sig ómælda vinnu til að halda starfinu gangandi.

Beinn kostnaður samfélagsins af starfsemi Breiðabliks er því lítill þegar tekið er tillit til umfangs starfseminnar. Gleðin sem felst í ríkulegri uppskeru er þeim mun meiri fyrir bragðið.


*Hátíðarkveðjur,
Orri Hlöðversson
formaður aðalstjórnar*



200



Málning – stoltur stuðningsaðili



Kópal glitra, íslensk hágæða innimálning.

 **málning**
- það segir sig sjálft -



Veljum íslenskt
– okkar hagar!

Samtök iðnaðarins - www.si.is

Útsöluastaðir Málningar: BYKO Kópavogi • BYKO Granda • Litaver Grensásvegi • BYKO Kauptún • BYKO Akranesi
Axel Þórarinnsson málarameistari, Borgarnesi • Snæþvottur Grundarfirði • Virkið Hellissandi • Núpur byggingavörverslun,
Ísafirði • Vilhelm Guðbjartsson málarameistari, Hvammstanga • Verslunin Eyri, Sauðárkróki • BYKO Akureyri
Verslunin Valberg, Ólafsfirði • BYKO Reyðarfirði • G.T. Vík Egilsstöðum • Verslunin PAN, Neskaupstað • BYKO Selfossi
Miðstöðin Vestmannaeyjum • BYKO Keflavík

Til hamingju Breiðablik

Til hamingju knattspyrnumenn Breiðabliks og allir Kópavogsbúar með Íslandsmeistararitilinn í meistaraflokki karla. Sömuleiðis til hamingju með glæsilegan árangur yngri flokkanna.

Eftir mörg ár í skugga kvennaknattspyrnunnar hafa strákarnir risið upp og náð glæsilegum árangri. Bikarmeistarar í fyrra og Íslandsmeistarar 2010.

Ég fyllist stolti þegar íþróttamenn bæjarins ná árangri sem eftir er tekið. Það sannfærir mig um að öll uppbygging á



Guðrún Pálsdóttir, bæjarstjóri.

íþróttaaðstöðu í bænum er að skila sér.

Knattspyrnumenn, konur og karlar, geta nú æft við

mjög góðar aðstæður. Þá gerir nýja stúkan á Kópavogsvelli, sem og reyndar öll aðstaðan þar, það að verkum að stuðningsmenn félaganna eru þátttakendur í heimaleikjum Breiðabliks. Það hef ég upplifað sjálf.

Í ávarpi sínu fyrir ári kallaði þáverandi bæjarstjóri eftir titlum. Knattspyrnudeild Breiðabliks hefur heldur betur svarað kallinu og landað mörgum titlum bæði í karla- og kvennaflokkum. Ég trúir því að íþróttamenn okkar, í yngri og eldri flokkum, eigi eftir að hampa fleiri Íslandsmeistararitlum í framtíðinni.

Þetta snýst þó ekki bara um titla heldur um það að allir, sem vilja, eigi kost á því að æfa íþróttir. Þess vegna hafa bæjaryfirvöld hér í Kópavogi lagt áherslu á uppbyggingu íþróttamannvirkja. Hlúa þarf að öllu íþróttafólki. Fyrir vikið eignumst við sterka þjóðfélagsþegna sem læra í gegnum íþróttirnar að hægt er að ná góðum árangri með því að leggja sig fram.

Að lokum þakka ég fyrir skemmtunina í gegnum tíðina. Ég mun reyna að koma sem oftast á völlinn og gleðjast yfir sigurum ykkar og finna til með ykkur ef þið tapið.

Með kveðju
Guðrún Pálsdóttir
bæjarstjóri Kópavogs



STJÓRN KNATTSPYRNUDEILDAR 2009-2010. Eftiri röð f.v.: Svavar Józefsson framkvæmdastjóri, Ólafur Björnsson formaður meistara-flokksráðs karla, Jóhannes Sveinbjörnsson formaður meistara-flokksráðs kvenna, Marínó Öundurson formaður unglíngaráðs, Ingibjörg Hinriksdóttir Neðri röð f.v.: Þorsteinn Hilmarsson gjaldkeri, Einar Kristján Jónsson formaður, Guðrún S. Ólafsdóttir ritari, Ingvi J. Ingvason varaformaður. Á myndina vantar Benedikt Þór Guðmundsson.

EINAR BENEDIKTSSON

Hið upprunalega athafnaskáld Íslands. Ritstjóri, skáld og stofnandi fossafélagsins Títans sem hafði á undan öðrum áform um beislun vatnsafts á Íslandi.

Eitt bros getur
dimmu í dagsljós breytt.
Það er gott að vera
ánægður viðskiptavinur.

ÁNÆGDUSTU VIÐSKIPTAVINIR TRYGGINGAFÉLAGA ERU HJÁ VERÐI

Hringdu í 514 1000 eða farðu inn á vörður.is til að fá frekari vitneskju og tilboð í fyrirtækjategyggingar.

EINFALDAR TRYGGINGAR FYRIR FLÓKIÐ LÍF

 vörður

Viðtal við Ólaf H. Kristjánsson

Menn verða að hafa metnað til að ná enn lengra, segir Ólafur Kristjánsson þjálfari

Ólafur Kristjánsson þjálfari meistaraflokks karla í knattspyrnu hefur náð frábærum árangri með Blikaliðið frá því að hann tók við því um mitt sumar 2006. Það er því vel við hæfi að leggja nokkrar spurningar fyrir kappann og spá í framtíðina með honum.

Hvernig var undirbúnings-tímabilinu háttað? Voru einhverjar aðrar áherslur eða áherslubreytingar frá fyrri árum? Hvernig býstu við að undirbúningur verði fyrir komandi tímabil?

Undirbúningurinn hefur verið svipaður öll árin sem ég hef verið með liðið, þó þannig að við reynum að byggja ofan á fyrri tímabil og bæta inn þáttum sem vantar og/eða reyna að gera betur í þáttum sem okkur finnst við þurfa að bæta.

Æfingaálag og ákefð hefur aukist ár frá ári og líkams-ástand liðsins að sama skapi.

Heldurðu að það verði erfiðara að „mótivera“ menn í næsta tímabil þegar flestir leikmanna hafa unnið deild og bikar?

Ég vona að menn muni hvað það er skemmtilegt að vinna og hafi metnað til að gera atlögu að því að upplifa hvernig það sé að vinna titil þrjú ár í röð. Það er

ekkert erfitt fyrir mig að mótivera mig í það verkefni og ég held að um leikmennina sé svipað á komið.

Ef þú ættir að búa til hinn fullkomna leikmann hvaða kostum væri hann gæddur?

Hann væri metnaðarfullur, agaður, einbeittur, viljasterkur, fordómalaus, viljugur til að læra og tileinka sér nýja hluti. Þetta, ásamt því að hafa einhverja hæfileika til að leika leikinn, er að mínu mati forsenda fyrir því að verða góður leikmaður.

Nú hafa margir hrósað Breiðablikliðinu fyrir skemmtilegan bolta og líkt spilamennskunni við þann bolta sem danska lands-

liðið spilar oft og tíðum. Telurðu að þú hafir lært mikið af veru þinni í Danmörku? Þurfa íslenskir þjálfarar ekki að reyna komast erlendis líkt og leikmenn?

Já ég hef tvímælalaust lært mikið þar og hugmyndir mínar um leikinn og hvernig ég vil þjálfra hafa mótast í því umhverfi. Ég er enn að sækja mitt nám til Danmerkur þannig að sá skóli mótar mig sterkt, þó svo að ég gleypi ekki gagnrýnslaut allt það sem þeir gera og segja. Ég veit nú ekki hvort þeir þurfi að komast erlendis. Það verður hver og einn að finna hjá sér og svala eigin metnaði ef hann stendur til þess að fara erlendis. Það er hægara sagt en gert. Margir þjálfarar eru um fáar stöður og íslenskir þjálfarar eru ekki endilega efstir á óskalista erlendra liða.

Sérðu fram á að Breiðablik verði stórveldi í íslenskri knattspyrnu á komandi árum?

Það eru ýmsar forsendur til þess að svo verði, til staðar í félaginu, en það er ekki sjálfgefið. Til þess að þessar forsendur leiði til þess að áframhaldandi árangur náist og jafnvel betri árangur þá mega menn ekki sofna á verðinum, heldur vinna enn harðar og betur að því að



Ólafur Kristjánsson þjálfari ásamt Guðmundi Benediktssyni aðstoðarþjálfara, Úlfari Hinrikssyni aðstoðarþjálfara og Arnari Bill Gunnarssyni yfirþjálfara yngri flokka.

nýta meðbyrinn. Við þurfum að vera framsýn og reyna að horfa inn í framtíðina, læra af fortíðinni og vinna vel í núinu.

Hvernig hefur hugarfar manna breyst síðan þú tókst við liðinu? Leikmenn væntanlega meðvitaðri um mataræði og o.fl. í þeim dúr?

Hugarfar þeirra leikmanna sem mynda liðið er frábært. Hvernig það var áður er annarra að meta, en ég kvarta ekki. Þeir eru mjög meðvitaðir um gildi þess að lifa heilbrigðu lífi og hafa jafnvægi milli andlegrar og líkamlegrar næringar, æfinga og hvíldar.

Sérðu fyrir þér miklar breytingar á leikmannahópnum fyrir næsta tímabil?

Einhverjar breytingar gætu orðið, en hversu miklar er erfitt að segja. Við tókum á því þegar ljóst er hverjir fara.

Æfingaferðin síðastliðið vor virkaði móralskt mjög góð?

Rétt er það hún var fín að öllu leyti. Við unnum vel á æfingavellinum og í því að setja okkur markmið og ræða um það hvað við ætluðum okkur að gera á tímabilinu sem var framundan. Hópurinn þjappaðist vel saman og var líflegur, fín blanda af gamni og alvöru.

Nú er U-21 árs liðið komið á stórmót sem fram fer í Danmörku næsta sumar. Heldurðu að þátttaka nokkura lykilmanna úr Breiðablik geti haft slæm áhrif á tímabilið eða mögulega þveröfugt, haft jákvæð áhrif?

Nú er ekki búið að velja liðið, þannig að við vitum ekki hversu margir Blikar verða með. Miðað við síðustu hópa 21 árs liðsins þá gætum við átt 3-6. Ég held allavega að sú gulrót sem



Ólafur ásamt „fjólubláa“ genginu en það var vinahópur úr Kópavoginum sem fjárfesti í Dressmann peysu eins og Ólafur notaði mikið í sumar. Efri röð: Úlfur Teitur Traustason – Sveinn Anton Ólafsson – Óli K – Gunnar Reynir Valþórsson – Vignir Rafn Valþórsson – Andri P. Lefever. Neðri röð: Kristján Ingi Gunnarsson – Kristinn Logi Hallgrímsson – Hermann H. Hermannsson.



þátttakan er ætti að virka hvetjandi á þá stráka sem eru inni í myndinni og aðra að koma sér inni í myndina hjá landsliðsþjálfurunum. Að því leyti eigum við að sjá þessa þáttöku sem jákvæðan hlut. Hvernig verður svo næsta sumar er eitthvað sem við tækjum bara þegar þar að kemur. Maður ræður því sjálfur hvort glasið er háltómt eða hálfullt. Ég hef engar áhyggjur af því að þetta muni hafa neikvæð áhrif, þessi þátttaka landsliðsins er bara jákvæð að öllu leyti.

Það er alveg ljóst að það verður spennandi að fylgjast með Breiðablikliðinu á næsta ári og komandi árum. Framtíðin hefur líklega aldrei verið bjartari í Smáranum og við eigum Íslandsmeistarara í nær öllum yngri flokkum. Breiðablik hefur verið að stíga sín fyrstu skref á ýmsum vígstöðvum. Árið 2009 kom fyrsti bikar-meistartitillinn í hús, 2010 kom fyrsti Íslandsmeistartitillinn í hús, 2010 tók Breiðablik þátt í Evrópukeppni í fyrsta skipti. 2011 mun liðið taka þátt í Evrópukeppni meistaraliða, í fyrsta skipti. Drengirnir eru farnir að finna lyktina af sæti í landsliðinu og gott betur.

Guðjón Már Sveinsson

Breiðabliksleiðin í þjálfun



Vanda Sigurgeirsdóttir ásamt Jóhannesi Karli Sigursteinssyni þjálfara meistaraflokks kvenna.

Sú nýjung mun verða á þjálfun yngra knattspyrnufólks hjá Breiðablik að samræmd stefna verður tekin upp hjá félaginu bæði í karla og kvennadeildum allt niður í 4. flokk. Stefna þessi hugar að leikstíl, hugsun leikmanna og þjálfunaraðferðum. Þjálfarar meistaraflokkanna þau Ólafur Kristjánsson og Vanda Sigurgeirsdóttir munu stýra þessari nýju nálgun í þjálfun með aðstoð Arnars Bill yfirþjálfara yngri flokka Breiðabliks.

Þessi nálgun við þjálfun hefur verið notuð hjá körlunum undanfarin þrjú ár og hefur reynst vel. Þetta hefur sést vel á þeim ungu leikmönnum sem hafa komið upp í meistaraflokk á liðnu ári. Þeir voru vel í stakk

búnir til að koma inn í verkefni meistaraflokksins enda þekktu þeir til aðferðanna, leikstílsins og uppbyggingar þjálfunarinnar.

Í ár er stefna að vikka þessa nálgun út og fara enn neðar í flokkana, karla megin, en gert hefur verið. Hjá kvenfólkinu er ætlunin að fylgja í fótsporin sem mörkuð hafa verið hjá strákunum og marka samræmda stefnu í þjálfun kvenfólksins í félaginu.

Ein lykil nálgunin í þessari aðferðafræði er að fá iðkendurnar til að hugsa og lifa eins og íþróttamenn. Ef fólk ætlar sér að ná langt í íþrótt sinni þarf það að vera tilbúið til að leggja mikið á sig bæði hvað varðar æfingar og einnig í því að fóna hlutum sem ekki

teljast æskilegir fyrir afburða íþróttamenn eða æskileg hegðun fyrir góða íþróttamenn. Íþróttamaður, sem vill ná langt, verður líka að til-einka sér ákveðinn hugsunarhátt og geta hvatt sjálfan sig til dáða og hafa trú á að hægt sé að ná því markmiði sem viðkomandi hefur sett sér. Þjálfararnir leggja mikið upp úr vinnubrögðum sem stuðla að þessum hugsunarhætti einstaklinga. Hugað verður að aldri iðkenda í hverjum flokki og þjálfun miðuð við proskastig hvers aldursflokks.

Ólafur og Vanda munu taka þjálfara yngri flokkana á námskeið hjá sér og þar með færa þjálfun og endurmenntun meira inn til félagsins en verið hefur. Þetta er mikið framfara skref

því að við þetta næst heilsteypitari mynd á starf félagsins og bilið á milli eldri flokka og yngri flokka minnkar. Arnar mun síðan vera sá sem fylgist með hvernig til tekst hjá þjálfurinum. Hann mun verða þeim innan handar með æfingaaðferðir og fylgjast með því hvernig gengur að þroska krakkana undir þeirra leiðsögn.

Svona stefnubreyting mun ekki eiga sér stað á einni nóttu en frábært er að félagið hafi tekið þetta framfara skref í þjálfun yngri iðkenda hjá félaginu. Með þessu sýnir félagið að það ætlar sér að vera í fremstu röð knattspyrnufélaga á Íslandi um ókomna tíð og hlúa vel að ungum iðkendum sínum.

Góð vörn er lykill að góðum árangri

segir Guðmundur Jóhann Jónsson forstjóri Varðar trygginga

Vörður tryggingar gerðist aðalstyrktar-aðili knattspyrnudeildar Breiðabliks fyrir þetta tímabil. Skrifað var undir þriggja ára samning í vor og er ekki hægt að segja annað en að samstarfið hafi byrjað vel. Breiðablik landaði hvorki fleiri né færri en sex Íslandsmeistaratitlum og tveimur bikarmeistaratitlum og Íslenska ánægjuvogin sýndi að ánægðustu viðskiptavinir tryggingafélaga eru hjá Verði.

Kópavogsbúinn og Blikinn Guðmundur Jóhann Jónsson er forstjóri Varðar trygginga. Já, við erum svo sannarlega í skjúnunum eftir þetta frábæra tímabil sagði hann í samtali við Ársritið. Við bundum miklar vonir við samstarfið en áttum ekki von á því að meistaraflokkur karla myndi landa Íslandsmeistararatitli á fyrsta ári. Þetta lofar góðu upp á framhaldið segir Guðmundur.

Forstjórinn segist fylgjast af ánægju með því öfluga starfi sem fer fram innan deildarinnar, bæði í meistaraflokkum karla og kvenna og ekki síður yngri flokkunum. Þó svo að það hafi verið ánægjulegt að sjá strákana okkar lyfta Íslandsbikarnum í haust þá horfum við ekki síður til hins öfluga unglingsstarfs sem



Guðmundur Jóhann Jónsson forstjóri Varðar.

fram fer hjá Breiðablik segir hann.

Alls stunduðu um 1.300 iðkendur knattspyrnu hjá Breiðabliki í sumar. Íslandsmeistaratitillinn er einmitt ávöxtur þessa góða ungmennastarfs en flestir þeirra sem urðu Íslandsmeistarar í meistaraflokknum eru heimamenn sem eiga framtíðina fyrir sér í boltanum. Guðmundur segir að Vörður líti á samstarfið við knattspyrnudeild Breiðabliks sem langtímasamband. Við erum ekki að tjalda til einnar nætur í þessu sambandi og vonandi eiga þessi tvö öflugu félög, Vörður og Breiðablik, eftir að eiga í góðu samstarfi um langa hríð bætur Guðmundur við.

Guðmundur segir að Vörður og Breiðablik standi nú á tímamótum, því í vor sýndu niðurstöður Íslensku

ánægjuvogarinnar að ánægðustu viðskiptavinir íslenskra tryggingafélaga eru hjá Verði. Í dag eru ánægðustu stuðningsmennirnir í Íslenska boltanum hjá Breiðabliki sagði Guðmundur hlæjandi. Þetta er þó enginn endapunktur, heldur byrjunin á enn betri

tíð þar sem jákvæðni, sigurvilji og áframhaldandi uppbygging eru í fyrirrúmi – án þess þó að missa sjónar af því að góð vörn er lykillinn að góðum árangri segir Guðmundur Jóhann Jónsson forstjóri Varðar tryggingafélags.

Sniðugar jólagjafir handa ÖLLUM Blikum

Nú fyrir jólin kemur út frábær ljósmyndabók, með yfir 300 myndum af leikmönnum og stuðningsmönnum liðsins. Bókin sýnir á fábæran hátt hvernig Íslandsmeistaratitillinn 2010 varð að veruleika. Þetta er bók sem allir Blikar verða að eiga. Bókin verður til sölu í Smáranum og mun einungis kosta 3.450 krónur.

Íslandsmeistaratrefillinn 2010 er líka kjörin jólagjöf ásamt húfum (2.000 kr), golfkúlum (1.200 kr. 3 stk.) og hinu ómissandi Blikateppi (3.000 kr.). Hægt er að hafa samband á knattspyrna@breiðablik.is til að fá nánari upplýsingar. Á heimasíðunni www.breiðablik.is má fá allar upplýsingar um opnunartímann í Smáranum.

Leiðin að Íslandsmeistaratitlinum 2010





Fremsta röð frá vinstri: Guðmundur Páll Gíslason, Böðvar Jónsson, Ívar Sigurjónsson, Hjörvar Hafliðason, Guðmundur Brynjólfsson
 Miðröð frá vinstri: Kristófer Sigurgeirsson, Amar Halldórsson, Runólfur Geir Benediktsson, Eyþór Sumarliði Sverrisson, Arnar Arnarsson
 Aftasta röð frá vinstri: Hákon Veturliði Sverrisson, Guðmundur Örn Guðmundsson, Hjalti Kristjánsson, Jóhann Ottó Wathne.
 Á myndina vantar: Asgeir Baldurs, Ásmund Arnarson, Benedikt Ketilsson, Kjartan Antonsson, Hreiðar Þór Jónsson, Skúla K. Þorvaldz, Atla Mía Daðason, Atla Knútsson, Björn Skúlason og Þorbjörn Atla Sveinsson. Mynd: Ómar Stefánsson.

Íslandsmeistararitill á síðustu stundu!

Eldri flokkur karla hjá félaginu okkar hefur verið í mikilli sókn eins og flestir aðrir árgangar. Breiðablik sendi þrjú lið til keppni á Íslandsmótinu í eldri flokki á þessu ári og var árangurinn mjög góður. Yngstu drengirnir í flokki 30+ urðu Íslandsmeistarar eftir harða keppni við Keflavík og Aftureldingu. Sigurinn var ekki í höfn fyrr en í nóvember en kæra

vegna leiks Mosfellinga og Suðurnesjapilta flækti málið. Breiðablik sendi síðan tvö lið í keppni 40 ára og eldri. Breiðablik A komst í úrslit en tapaði úrslitaleiknum naumlega á móti KR. B liðið byrjaði rólega en „keypti“ öfluga leikmenn á miðju tímabili og endaði um miðja deild.

Eldri flokkur hefur tekið virkan þátt í félagsstarfi Breiðabliks. Drengirnir hafa

verið duglegir að mæta á leiki meistaraflokksins og aðrar upptökur á vegum deildarinnar. Þar að auki tók flokkurinn að sér öryggisgæslu á Evrópuleiknum á Kópavogsvelli í sumar og sinnti því með sóma. Árgangamót Breiðabliks er í höndum eldri flokks og fór það fram í byrjun maí. Keppendur voru um 120 og sigraði 1972 árgangurinn annað árið í röð. Heyrst

hefur að aðrir árgangar ætli ekki að láta það gerast aftur!

Vegna þessarar grósku er í bígerð að senda lið til keppni í flokki 50 ára og eldri næsta sumar. Unnið er að því í samvinnu við KSÍ að hefja keppni á Íslandsmóti í flokki 50 ára og eldri næsta sumar. Þegar eru nokkuð margir leikmenn sem hafa áhuga á þessu enda kominn tími til að búa til verkefni fyrir þennan aldursflokk.

Nýir leikmenn til Blika



Marko Pavlov.

Breiðabliksliðið hefur styrkt sig töluvert frá síðustu leiktíð. Fjórir nýir leikmenn hafa gengið til liðs við félagið en þegar þessar línur eru ritaðar hefur aðeins Alfreð Finnbogason hleypt heimdraganum. Þessir nýju leikmenn eru; Marko Pavlov frá Real Betis, Arnar Már Björgvinsson úr Stjörnunni, Viktor Unnar Illugason úr Selfossi og Hilmar Freyr Bjartþórsson úr Fjarðabyggð.

Arnar Már er eldfljótur framherji sem skoraði grimmt fyrir Stjörnuna í Pepsi-deildinni árið 2009 en átti við töluvert meidsli að stríða síðasta sumar. Viktor Unnar er okkur Blikum góðkunnur því hann er uppallinn hjá félaginu. Hann hélt ungur í víking til Englands en lenti í erfiðum bakmeiðslum. Eftir tíma hjá Val og Selfossi hefur hann ákveðið að koma í heima-hagana og gleðja okkur Blika. Hilmar Freyr er bráð-efnilegur 18 ára miðju og framherji frá Fáskrúðsfirði. Hann hóf meistaraflokksferil sinn aðeins 14 ára gamall með Leikni frá Fáskrúðsfirði en hefur undanfarin tvö ár spilað með Fjarðabyggð.

Marko er fæddur í Skopje í Makedóníu 1988 og er því 22ja ára gamall, en flutti ungur til Íslands og hóf



Hilmar Freyr Bjartþórsson.

æfingar með Stjörnunni þar sem hann lék í yngri flokkum til ársins 2005 en þá fór hann til Frakklands og lék um eins árs skeið með unglingsaliði Caen. Árið 2006 fór hann til Real Mallorca og þaðan var hann seldur til



Viktor Unnar Illugason.

Real Betis sama ár þar sem hann hefur leikið með varaliðinu í 3ju efstu deild á Spáni fram til þessa. Hann á að baki 11 leiki með U19 ára liði Íslands og 6 leiki með U17 ára liðinu. Marko hefur ennfremur leikið 5 leiki



Arnar Már Björgvinsson.

með U21 árs landsliði Makedóníu.

Við bjóðum alla þessa leikmenn velkomna í græna búninginn og vonum að þeir eigi eftir að sýna góða takta með Blikaliðinu.

Knattspyrnuskóli Breiðabliks

Knattspyrnuskóli Breiðabliks var starf-æktur í 7 vikur í sumar. Einungis áttu að vera 6 námskeið en vegna fjölda áskoranna var sjöunda námskeiðinu bætt við. Leiðbeinendur á námskeiðinu voru Frans Veigar Garðarsson, Kristinn Sverrisson og Sölvi Guðmundsson. Þeim til aðstoðar voru svo krakkar úr 2. og 3.flokki Breiðabliks.

Aðsókn á námskeiðin var nokkuð góð. Til að byrja með voru um 90 krakkar á námskeiðinu en eftir því sem leið á sumarið fækkaði þó eitthvað en fjöldi þeirra sem sóttu námskeiðið fór þó aldrei undir 40.

Unnið var á stöðvum og reynt að aldurs- og hópa-skipta þannig að allir nytu sín og fengju sem mest út úr námskeiðinu. Þá var nestis-pása á milli 14.30 og 15.00 og var því ekki úr vegi að borða nesti yfir HM meðan keppnin var í gangi. Eftir nestispásu var svo reynt að spila mikið og hafa gaman af. Nokkrir dagar fóru í knatt-þrautakeppnir þar sem stillt var upp í margar stöðvar sem hver um sig tók á einhverjum þætti knattspyrnunnar.

Markmið námskeiðisins var að allir hefðu gaman og kynntust í leiðinni knattspyrnunni betur. Í yngstu hópunum voru æfingar mest í formi leikja sem gerðir eru

til að krakkarnir kynnist boltanum betur, geri hann að vini sínum. Inni í þessum æfingum voru því einfaldar tækniæfingar og oftast en ekki keppni.

Í eldri hópunum var unnið með sérhæfðari tækniatriði og oftast reynt að hafa það í formi keppna. Reynt var að taka á sem flestum þáttum knattspyrnunnar og gekk það mjög vel og sáust miklar framfarir hjá flestum.

Ef farið er yfir námskeiðin í heild þótti okkur leiðbeinendum takast mjög vel til, öllum leið vel og allir fengu æfingar við sitt hæfi. Krakkarnir voru áhugasamir og viljugir að læra og útkoman eftir því.

Blikaklúbburinn vex og dafnar



Stoltir Blikar á leik í sumar.

Blikaklúbburinn tók virkan þátt í sigurgöngu knattspyrnu deildar Breiðabliks á þessu ári. Blikaklúbbur karla starfaði með stjórn knattspyrnu deildar í fjármögnun ýmissa

verkefna framan af vetri. Þau verkefni tókust ágætlega með hjálp góðra Blika. Þegar keppnistímabilið hófst stóð Blikaklúbburinn fyrir ýmsum uppákomum sem settu skemmtilegan

svip á heima- og útileiki deildarinnar. Meðal annars hóf klúbburinn sölu á Blikavarningi og var gerður góður rómur að því frumkvæði. Það voru heiðursþjónin Borghildur Sigurð-

ardóttir og Halldór Arnarson sem báru hitann og þungann af þeirri vinnu. Blikakaffið, undir öruggri stjórn Sigrúnar Óskarsdóttur, sló svo sannarlega í gegn á árinu og komust oft færra að en vildu.

Blikaklúbburinn stóð þétt að baki deildinni í undirbúningi Evrópukeppninnar. Meðal annars stóð klúbburinn fyrir hóperð á útileikinn gegn Motherwell í Skotlandi. Að vísu fóru færra á leikinn en til stóð en þeir sem fóru skemmtu sér hið besta (sjá frásögn af ferðinni annars staðar í blaðinu). Einnig tók klúbburinn að sér ýmis konar undirbúning fyrir heimaleikinn gegn Skotunum og var haft á orði að umgjörðin fyrir leikinn hafi verið með því glæsilegasta sem hefur sést hér á landi fyrir Evrópukeik. Enda var uppselt á leikinn og hefur það ekki gerst fyrr, á Evrópukeik, hér á landi.

Blikaklúbbur karla og



Stór kjarni Blika fylgdi liðinu á útivelli í sumar. Hér eru nokkrir þeirra á leik gegn Fylki í Árbænum. Þarna má meðal annars sjá Kristinn Sverrisson, Andrés Pétursson, Pétur Ómar Agústsson, Hákon Gunnarsson, Ólaf Björnsson, Ingólf Proppé, Heimi Guðmundsson, Magnús Guðjónsson, Þóri Sigurgeirsson og Freyju Sigurjónsdóttur.



Tveir traustir: Ólafur „Hlerinn“ Ingimundarson og Hrafnkell Gíslason.

kvenna samhæfðu vinnu sína fyrir heimaleikina þannig að boðið var upp á sambærilega þjónustu hjá báðum kynjum. Sú vinna hefur leitt til þeirrar ákvörðunar að sameina klúbbana tvo og verður sameiginlegur

aðalfundur haldinn í febrúar eða mars 2011. Það er von stjórnar beggja klúbba að þetta styrki stöðu þeirra beggja og leggi drög að því að bæði karla- og kvennalið Breiðabliks vinni titla á næsta ári.



Mærudagar í Motherwell 2010



Það var tilhlökkun í augum Blikahópsins, sem var mættur eldsnemma út á Keflavíkurlflugvöll, miðvikudaginn 14. júlí 2010. Í vændum var ævintýraferð til Skotlands til að fylgjast með fyrsta Evrópuleik meistara-flokks karla hjá félaginu. Andstæðingar okkar voru Stálmennirnir frá Motherwell rétt fyrir utan Glasgow. Í þessari fyrstu lotu stuðningsmanna voru stjórnarmenn úr Blikaklúbbnum; Borghildur Sigurðardóttir og hennar föruneysi; Halldór Arnarson eiginmaður,

Kristófer Breki sonur og Arnar tengdafaðir, Sigrún Óskarsdóttir, Guðmundur Sverrisson og Andrés Pétursson.

Skömmu fyrir brottför uppgötvaðist að Blikafáninn góði hafði gleymst úti í bíl. Þar sem mikil vinna hafði verið lögð í það að kaupa kústskaft og hefta á það fánann hljóp formaður Blikaklúbbsins, Andrés Pétursson, eins og byssu-brandur út á bílastæðið og tékkaði sig aftur inn í gegnum Schengen öryggissvæðið. Þrátt fyrir góðlátlegar

hótanir keflvískra öryggisvarða um að gera fánann upptækan tókst að koma bæði formanninum og fánanum upp í vélina á réttum tíma.

Þrátt fyrir smá seinkun og einhvern mótvind á leið til London náði hópurinn vélinni áfram til Glasgow í tæka tíð. Á flugvellinum í Glasgow rakst hópurinn á ýmsa fræga skoska einstaklinga meðal annars leikarann Robbie Coltrane sem er einna þekktastur fyrir að leika Rubeus Hagrid í Harry Potter myndunum. Við kunnum ekki við að böggja þennan fræga leikara enda voru margir sem vildu tala við hann og fá hjá honum eiginhandaráritun.

Búinn að bíða í 30 ár eftir Evrópuleiknum

Hópnum var síðan troðið í leigubíla og tékkað inn á Jurislnn hótelið í miðborg Glasgow. Þar tók á móti okkur Hugo Rasmus (náfrændi Hugo Boss) en hann hafði farið degi fyrr til að taka út aðstæður í borginni. Þess má geta að Hugo hefur beðið eftir Evrópuleik Breiðabliks í 30

ár og aldrei efast eina stund um að sú stund myndi renna upp að hann færi erlendis til að fylgjast með þeim grænklaeddu.

Eftir skemmtilega kvöldstund í Glasgowborg og miklar þælingar á barnum á hótelinu um liðsuppstillinguna lögðu ferðalúinir Blikar sig á koddann. Daginn eftir var ákveðið að styrkja efna-hagslíf borgarinnar með því að heimsækja hina frægu Slaters herrafataverslun og aðrar sambærilegar verslanir. Einnig tókst að skjóta inn útsýnisferð um helstu kennileiti þessarar gömlu verslunar- og iðnaðarborgar.

Upp úr miðjum degi var síðan komið að því að koma sér á völlinn. Hópurinn hélt sem leið lá inn á aðaljárnbrautarstöð borgarinnar og keypti miða til Motherwell bæjar. Þangað var tæplega 30 mínútna lestarferð og ekki laust við að ákveðin spenna væri komin í hópinn. Okkur hafði verið boðið að hita upp á Railway kránni í miðborg Motherwell en þaðan er frekar stutt labb á völlinn. Skotarnir tóku vel á móti okkur þarna enda flestir fastagestirnar þar aðdáendur Celtic en ekki Motherwell. Þeir hrósuðu nýja Blikabúningnum í hástert þó svo að einn hafi haft á orðið að hann væri eins og einkennisbúningur úr Star Trek! En Skotarnir voru hrifnir af græna litnum.

Þarna á staðnum bættust fleiri Blikar í hópinn meðal annars Sigurvin Einarsson, fyrrum formaður knattspyrnudeildar Breiðabliks og Kittý eiginkona hans. Einnig kom Sverrir Valdimarsson flugmaður frá Edinborg og fjölskylda hans til að fara með okkur á leikinn. Þar að auki hafði





Áhangendur Blika sem mættu á leikinn í Skotlandi í miklu stuði.

Atli Hannesson flogið inn frá Spáni sérstaklega til að sjá leikinn.

Fáninn rifinn af Blikabullum

Veðurguðirnir voru eitthvað að stríða okkur fyrir leikinn því flóðgáttir himins opnuðust og það rigndi þessi ósköp. Það var því ákveðið að nýta sér opinber samgöngutæki og settumst við inn í stræto sem keyrði okkur nálægt leikvanginum. Þá hafði rigningunni hins vegar slotað og komið var ágætis veður. Lögreglan hafði komið að tékka á okkur en sá brátt að við vorum ekki hefðbundnar fót-boltabullur og fylgdist því bara með okkur úr fjarlægð.

Blikahópurinn var því í ljómandi góðu skapi og söng og trallaði innan um sex þúsund Skota sem voru líka á leið á völlinn. Við urðum samt fyrir smá áfalli við innganginn að heimavelli Motherwell því fánastöngin góða sem hafði fylgt okkur alla leið frá Íslandi fékk ekki inngöngu. Öryggisverðirnir sögðu að þetta gæti nýst


okkur sem vopn í baráttu við skoskar fótoltabullur og þrátt fyrir að íslenskar hús-mæður reyndu með krafti að sannfæra dyraverðina um að við ætluðum ekki að beita þessu sem slagsmála-vopni var Skotunum ekki haggað; fáninn mætti fara inn en ekki stöngin. Við rifum því fánann af stönginni og flýttum okkur upp í stúku.

Á vellinum slógust Jóhanna K. Helgadóttir og Bára Hreiðarsdóttir ásamt skoskum eiginmönnum þeirra og vinum í hópinn. Jóhanna og Bára hafa búið um árabil í Bretlandi og eru báðar miklar knattspyrnu-áhugamanneskjur. Jóhanna er gamall Bliki en Bára KA-manneskja Leikvöllur Motherwell, Fir Park, kom okkur skemmtilega á óvart. Þetta er hið reisulegasta mannvirki. Grasið sjálft á vellinum er rennislétt og fínt og stúkurnar sem taka um 18 þúsund manns eru flestar nýlegar. Umhverfið er allt hið snyrtilegasta og umgjörð félagsins greinilega eins og hjá alvöru atvinnumannaliði.

Eins og við mátti búast

var mikið fjör í stúkunni. Það var ekki laust við að tár læddust fram á hvarma nokkurra Blika þegar þeir sáu strákana sína labba hnarreista í grænu búningnum sínum inn á völlinn í fyrsta Evrópuleik karlaliðs Breiðabliks.

Ekki var möguleiki fyrir þessar tæplega 30 manneskjur að yfirgnæfa sex þúsund Skota á vellinum en við létum samt vel í okkur



Finnur Orri Margeirsson.

heyra. Leikmennirnir sögðu okkur eftir á að þeir hefðu heyrt ágætlega í okkur enda reyndum við að lauma stuðningssöngvum okkar inn þegar heimamenn voru að ná andanum.

Í leikhléi heilsuðu forráðamenn knattspyrnudeildar Breiðabliks; Einar Kristján formaður, Svavar framkvæmdastjóri, Óli Björns formaður meistara-flokksráðsins og Pétur Ómar „USA-Bliki“ upp á stuðningsmennina og var það vel til fundið hjá þeim.

Þrátt fyrir 0-1 tap vorum við stuðningsmenn nokkuð sáttir eftir leikinn. Strákarnir okkar hefðu með smá heppni getað skorað mark en í heildina fór þessi leikur í reynslubrunninn. Nú þegar við erum orðnir Íslands-meistarar og þátttaka í meistaraeildinni á næsta ári staðreynd þá opnast ýmsir möguleikar. Hver veit nema að lítið Evrópuævintýri sé í uppsiglingu hjá Breiðabliksliðinu. Það má alltaf láta sig dreyma!

Skotlandsfarar 2010

Meistaradeild UEFA á Kópavogsvelli



Dagana 5. – 10. ágúst var hér á Kópavogsvelli leikinn 4. riðill í meistaradeild UEFA í knattspyrnu

kvenna. Þegar ljóst var að Breiðablik hafði fengið það hlutverk að hafa veg og vanda að skipulagningu



hófst mikil vinna fjölmargra sjálfbóðaliða. Það var að mörgu að hyggja varðandi gistingu, rútuferðir, æfinga- aðstöðu, skipulagningu og umgjörð leikja svo eitthvað sé nefnt. Það er óhætt að segja að félagið hafi staðið sig með mikilli prýði í þessari skipulagningu og var það mál allra þeirra sem að mótinu komu frá UEFA, KSÍ og FIFA að mjög vel hefði tekist til. Allir sem komu að þessari skipulagningu og framkvæmd eiga hrós skilið og þakkir fyrir sitt framlag.

Auk Breiðabliks mættu þrjú erlend lið til leiks. FC Targu Mures frá Rúmeníu, Levadia Tallin frá Eistlandi og FCF Juvisy Essonne frá Frakklandi. Raðað var í riðla eftir styrkleikaflokkum og eðlilega var töluverður getumunur á þessum liðum. Það var greinilegt að liðin

frá Rúmeníu og Eistlandi eru ekki á sama stað í knattspyrnu kvenna og lið Breiðabliks og franska liðið. Frakkarnir voru fyrirfram álitnir sterkasta liðið og nokkuð ljóst að úrslitaleikur riðilsins yrði í síðustu umferðinni á milli Blika og Juvisy.

Allir leikirnir fóru fram á Kópavogsvelli fyrir utan einn sem fór fram á Víkingsvöllinum. Það var gaman að sjá hversu margir áhorfendur létu sjá sig á leiki Breiðabliks þrátt fyrir að leiktíminn væri ekki sá besti fyrir vinnandi fólk. Við eigum þó ennþá nokkuð í land með að ná upp hvatningu á leikjunum hjá stelpunum en það er þá eitthvað sem við getum bætt okkur í á næsta ári.

Í fyrstu umferð spiluðu Blikar við eistneska liðið og Frakkarnir spiluðu á mótí Rúmenunum. Eins og áður sagði var búist við ójöfnum leikjum enda varð sú raunin og úrslit leikjanna urðu þessi:

Juvisy - Targú 5 - 1

Breiðablik - Levadia 8 - 1

Í annarri umferð skiptust Blikar og Frakkar á mótherjum og það var eins og í fyrstu umferð töluvert ójafnir leikir en úrslitin urðu:

Juvisy - Levadia 12 - 0

Targu - Breiðablik 0 - 7

Eftir þessa umferð var ljóst að leikurinn á milli Breiðabliks og franska liðs-



ins Juvisy yrði hreinn úrslitaleikur um það hvort liðið færi áfram í 32 liða úrslit meistaradeildar Evrópu. Segja mátti fyrir leikinn að liðin væru hnífjöfn en aðeins munaði tveimur mörkum þar sem Frakkarnir höfðu betri markahlutfall. Miðað við leikina fjóra sem farið höfðu fram í riðlinum er alveg ljóst að ekki var mikill getumunur á milli liðanna og möguleikar Breiðabliks á að komast áfram voru miklir. Hinn leikur umferðarinnar skipti minna máli þó að fyrir liðin, sem tóku þátt í honum, hafi hann skipt miklu upp á stolt og markmið því þau komu til þessa móts með það að markmiði að ná í stig og helst einn sigur. Leikar þar fóru svo að Rúmenarnir unnu 2 - 1 í jöfnum og spennandi leik.

En aftur að aðalleiknum. Leikurinn byrjaði vel fyrir okkur Blika, við komumst í 1 - 0 á 19. mínútu með marki frá Hörpu Þorsteinsdóttur og þannig var staðan í hálfleik. Frönsku stelpurnar komu ákveðnar til leiks í síðari hálfleik og náðu að jafna á 57. mínútu og komast yfir aðeins fimm mínútum síðar. Var útlitið nú orðið nokkuð svart fyrir Blika enda franska liðið gríðarlega sterkt. En þær frönsku urðu fyrir því óláni að skora



sjálfsmark á 70. mínútu og leikurinn aftur í járnum. Fjórum mínútum síðar komust þær frönsku aftur yfir og voru margir í stúk-unni farnir að afskrifa Blikastelpurnar en sem betur fer voru þær ekki á þeim buxunum að gefast upp og náðu að jafna af harðfygli á 84. mínútu með marki frá Berglinði Þorvaldsdóttur. Lokatölur urðu því 3 - 3 og ljóst að þrátt fyrir að Blikarnir enduðu í öðru sæti riðilsins á markamun þá væru tölurverðar líkur á að liðið kæmist í 32. liða úrslit vegna þess að tvö lið með

bestan árangur í öðru sæti komust líka áfram. Það var spennuþrungin stund þegar leikmenn biðu úti á velli eftir upplýsingum um hvort 3 - 3 jafntefli dygði þeim til að komast í 32. liða úrslitin. Beðið var eftir að aðrir leikir, sem leiknir voru út um alla Evrópu á sama tíma, kláruðust og þegar þeim var lokið varð það loks ljóst að jafnteflið dugði. Stelpurnar voru því í pottinum þegar dregið var í 32. liða úrslitin. Frábær árangur hjá stelpunum okkar sem við getum sannarlega verið stolt af.

Þegar dregið var í 32. liða

úrslitum lentu Blikar aftur á móti Juvisy Essonne frá Frakklandi. Fyrri leikur liðanna fór fram á Kópavogsvelli þann 24. september og sá síðari í Frakklandi þann 13. október. Það er skemmst frá því að segja að Frakkarnir unnu báða leikina og þar með voru Blikakonur fallnar úr leik. Þær sýndu samt hetjulega baráttu í leikjunum því fækkað hafði verulega í leikmannahópnum á síðustu metrum sumarsins og fimm fastamenn í byrjunarliðinu horfnar til annarra starfa.

Borghildur Sigurðardóttir



Capacent og Blikar

Capacent og knattspyrnudeild Breiðabliks hafa átt gott samstarf frá árinu 2008. Þá hófst samstarf Sigurjóns Þórðarson ráðgjafa hjá fyrirtækinu og Ólafs H. Kristjánssonar þjálfara meistaraflokks Breiðabliks í knattspyrnu karla. Það hófst fyrir milli-göngu Hákonar Gunnars-

Aðferðir viðskiptalífsins

Eftir að þeir Sigurjón og Ólafur höfðu rætt málin varð úr að þeir ákváðu að láta reyna á það hvort þær aðferðir sem þróaðar höfðu verið fram innan viðskiptalífsins við árangursstjórnun gætu nýst Blikaliðinu. Sigurjón tók liðið í gegnum ákveðið kennsluferfi. Það

knattspyrnuliðið A.C. Milan hefur stuðst mikið við próf.

Á Íslandi höfðu próf hins vegar ekki verið notuð með markvissum hætti þótt íþróttasálfræðingar hafi gegnt mikilvægu hlutverki, unnið með einstaklingum og haldið fyrirlestra fyrir lið. Það að skoða einstaklinga og liðsheildina með sama

heildina. Við gátum greint bæði styrkleika þeirra og úrbótatækifæri.

Að þessu búnu var hluti leikmanna tekinn í einstaklingsviðtöl með þjálfaranum þar sem hægt var að fara djúpt ofan í styrkleika og veikleika hvers og eins og ræða hugsanlegar úrbætur. Sömuleiðis voru framkvæmdar liðsheildarkannanir. „Þetta voru mjög djúp og gagnleg viðtöl sem sköpuðu tækifæri til að tala um hluti sem annars hefðu aldrei komið til umræðu. Það var oft magnað að sitja með strákunum og ræða hvernig menn voru að upplifa sjálfan sig á vellinum,“ segir Hinrik.

Kári Ársælsson fyrirlíði Breiðabliksliðsins lýsti þessu svo að hann hefði lært margt og ekki trúað því fyrirfram að hlutir sem tengdust ekki fótbolta gætu skipt jafnmiklu máli fyrir fótboltann.

Úr þessari vinnu sköpuðust tækifæri fyrir Ólaf að tala öðruvísi við leikmenn, hann gat nálgast þá af meiri þekkingu. Hann öðlaðist líka nýja sýn á ákveðna leikmenn og breytti sinni nálgun. Sigurjón og Hinrik greindu líka með mælingum sínum tiltekinn veikleika sem virtist vera hrjá liðið í heild og unnu með Blikum að úrbótum allt sumarið.

Einbeitingin ekki álagið

Fyrirfram töldu Breiðabliksmenn að það væri álagsþátturinn sem liðið ætti í erfiðleikum með. Prófin leiddu hins vegar í ljós að liðið var mjög álagsþolið. Það átti hins vegar í vandræðum með einbeitingu.

„Þeir misstu einbeitingu við tilteknar aðstæður, stundum vegna atvika á vellinum sem komu leiknum



Sigurjón Þórðarson og Hinrik Jóhannesson.

sonar stórblika en hann var starfsmaður Capacent og þekkti vel til starfa Sigurjóns með liðsheildir.

Á heimasíðu Capacent er áhugaverð grein um þetta samstarf og fengum við Blikar góðfúslegt leyfi fyrir tækisins til að vinna frétt upp úr þeirri grein. Þar kemur fram að Sigurjón Þórðarson, sem hefur starfað hjá Capacent frá árinu 2005, er sérhæfður í þjálfun liðsheilda og mikill áhugamaður um uppbyggingu liðsheilda og skipulag. Hann hafði horft til íþróttafélaga í hópíþróttum og talið víst að hægt væri að læra sitt hvað af þeim sem síðan mætti nýta við uppbyggingu liðsheilda innan viðskiptalífsins.

virtist bera nokkurn árangur og hann hélt áfram að fylgjast með liðinu yfir sumarið.

Haustið 2008 bætist svo Hinrik Jóhannesson í hóp starfsmanna Capacent en hann hafði að loknu námi starfað við smíði og val prófa hjá fyrirtækinu SHL í Bretlandi, sem er leiðandi í heiminum á sviði persónuleikaprófa. Þeir Sigurjón og Hinrik fóru fljótlega að ræða það sín á milli hvort ekki væri hægt að keyra persónuleikapróf sem þessi á íþróttalið.

Nokkur dæmi eru um það í íþróttahéminum að persónuleikapróf séu höfð til hliðsjónar við þjálfun leikmanna. Þau eru til dæmis mikið notuð í NBA-deildinni bandarísku og ítalska

mælitæki og nota það síðan markvisst í strategísku starfi var hins vegar nýmæli.

Hæfnigreining greindi úrbótatækifæri

„Fyrsta skrefið var að við settum Ólaf sjálfan í próf og fórum í gegnum það hvernig hann sér sitt hlutverk. Í því prófi komum við auga á ákveðið gap sem hann gat síðan unnið með áfram. Hann var mjög gagnrýnin á sjálfan sig og sömuleiðis opinn fyrir að taka gagnrýni annarra til skoðunar. Sama var síðan gert með liðið í heild. Við hæfnigreindum markvörðinn, sóknarmennina, miðjuna og vörnina. Með þessu varð til aukin þekking á einstaklingunum sem mynda síðan

sjálfum ekkert við. Hættulegasta augnablikið var á 85. mínútu en þá var eins og liðið væri hreinlega komið í sturtarnar. Þessi niðurstaða lét Ólaf fá ákveðna mynd í hendurnar sem hann gat síðan unnið áfram með. Hann veðjaði á og raunar strákarnir í liðinu líka að við hefðum rétt fyrir okkur.“

Þegar leið á sumarið fór starfið að skila árangri. Þegar eitthvað fór úrskeiðis leiddi það ekki til þess að menn hrópuðu: „Hvað er eiginlega í gangi?“ heldur gat þjálfarinn greint stöðuna í ljósi þeirrar þekkingar á liðinu sem hann hafði öðlast og farið í verkfærátöskuna sína.

Margir töldu sig sjá ýmsar breytingar, til dæmis varðandi það hvernig Ólafur ræddi við fjölmiðla eftir leiki. Hann var einbeittur og

markviss í svörum og svörin voru hluti af áætlun hans. Hann var ekki bara í viðtali við fjölmiðil heldur var að tala við leikmennina og fjölmiðla.

Mjög sterk liðstilfinning

Verkefnið var langt í frá auðvelt. Ólafur hafði misst nær alla lykilmenn sína úr liðinu fyrir sumarið og var með yngsta liðið í deildinni. Meðalaldur leikmanna var 22,5 ár að hinum tæplega fertuga Arnari Grétarssyni meðtöldum. Styrkurinn fólst hins vegar í því að þessir ungu strákar voru flestallir aldir upp í Breiðabliki og höfðu mjög sterka liðstilfinningu.

Stóra stundin rann upp laugardaginn fjórða október 2009 þegar Blikarnir mættu Fram í úrslitaleik bikarkeppn-

innar. Jafnt var með liðunum að loknum leiktíma og var gert út um leikinn í víta-spyrnukeppni. Þar innsiglaði Elfar Freyr Helgason sigur Breiðabliks 7-6.

Breiðablik var búið að tryggja sér fyrsta stóra titilinn í karlaknattspyrnu og var á leið í Evrópukeppni.

Þráðurinn var tekinn upp að nýju fyrir upphaf leiktímabilsins 2010. Sigurjón og Hinrik funduðu með Ólafi í mars og í kjölfarið voru nýir leikmenn settir í persónuleikapróf þannig að hægt væri að setja saman nýjan hópprófíl af liðinu. Viðtöl voru tekin við alla leikmenn í apríl og markmið sett fyrir leiktímabilið. Sumarið fór vel af stað hjá Blikunum og þeir Sigurjón og Hinrik áttu mánaðarlega fundi með Ólafi þar sem farið var yfir stöðu mála.

Fyrir lokaspertinn í deildinni voru síðan haldnir tveir fundir með öllu liðinu í ágúst þar sem farið var yfir stöðuna og línur lagðar. Sunnudaginn 26. september var svo síðasta umferðin í deildinni. Leiknum lyktaði með jafntefli en það breytti ekki heildarniðurstöðunni. Breiðablik var orðið að Íslandsmeistara í fyrsta sinn, í sögu félagsins, í meistara-flokki karla.

Greinin er unnin upp úr lengri frásögn á heimasíðu Capacent. Hægt er að lesa hana í heild sinni á þessari slóð:

<http://www.capacent.is/Reynslubanki/Reynslusogur/Reynslusogur?itemid=775f167f-1cea-4e32-80e2-410ad24d87b9>

Andrés Pétursson

BLIKA HETTUPEYSUR Á EINSTÖKU JÓLATILBOÐI

7.990 KR.
128-164

9.490 KR.
SMALL-4XL

Hverri peysu fylgja **FRÍAR** buxur
að eigin vali, polyester eða microfiber

NAMO

Opnunartími:
Mánudagar til föstudagar 9-18
Laugardagar 11-16

Namo ehf - Skútuveggi 11
104 Reykjavík (móti Blómaval)
Sími: 566 7310

www.jakosport.is

JAKO

Viðtal við Arnar Grétarsson

Kveðja frá kónginum

Arnar Grétarsson var einn af burðarstólpum meistara-flokks karla í mörg ár. Stuðningsmenn kölluðu hann iðulega Adda kóng. Við áttum létt spjall við kónginn um lífið eftir Breiðablik

Í hverju er starf þitt fólgð hjá AEK?

Starf mitt sem Technical Director hjá AEK eða yfirmaður íþróttamála er að sjá um leikmanna og þjálfaramálin. Bæði hvað varðar sölu og kaup á leikmönnum og ráðningu á þjálfurum. Þegar ég tók við starfinu var AEK með 36 leikmenn á samningi í aðalliðinu en nú erum við búin að fækka þeim niður í 27 leikmenn, svo þarf ég að vinna út frá fjárhagsáætlun félagsins. Einnig er það í mínum verkahring að koma upp „scouting network“ fyrir liðið en það var ekki til staðar. Núna erum við búin að semja við 4 „Scout-ara“ og taka í notkun tölvuprogrammið Proscout 7 Xeara TV sem á eftir að gjörbreyta öllu starfinu. Starfinu fylgir líka yfirumsjón með allri akademíunni sem við höfum verið að gera miklar breytingar á.

Hvernig hefur ykkur fjölskyldunni gengið að koma ykkur fyrir í nýju samfélagi?

Ég kom hingað í byrjun apríl 2010 en fjölskyldan kom svo hingað út í lok júlí 2010. Við þekkjum aðeins til herna í Grikklandi eftir dvöl okkar herna 1997-2000 og



Arnar Grétarsson.

það hefur auðveldað okkur að aðlagast samfélaginu. Lífið herna í Grikklandi er töluvert ólíkt því sem gerist heima. Við erum að læra grískuna en krakkarnir fara í alþjóðlegan skóla herna þar sem allt er kennt á ensku. Hlutirnir eru að smella saman og krakkarnir búnir að kynna nýjum vinum.

Við höfum heyrt sögur af látum í kringum fótboltann

Í Grikklandi, hefur þú lent í einhverju slíku?

Fyrst eftir að ég kom hingað eða í lok síðasta tímabils, þurftum við stjórnarmennirnir að yfirgefa leikvöllinn. Það var vegna óláta í stuðningsmönnum okkar en þeir voru ósáttir við yfirlýsingu forseta liðsins um að allir leikmenn liðsins væru til sölu vegna fjárhagsstöðu.

Annað atvik varð er stuðningsmenn liðsins komu inn á

völlinn eftir æfingaleik við 2. deildarlið herna í Aþenu. Við töpuðum þessum leik og þeir voru ósáttir og þetta endaði með því að þjálfarinn okkar var kýldur niður í jörðina og nokkrir óeirðarlög-reglumenn þurftu að leita sér lækninga.

Það er mikill hiti í fótboltanum herna í Grikklandi og fyrir marga er fótboltinn eins og trúarbrögð. Grikkirnir hugsa með hjartanu en ekki með hausnum. Ef hlutirnir fara ekki eins og þeir eiga að fara þá getur allt orðið vitlaust. Á leikjunum herna er óeirðarlögreglan alltaf til staðar.

Náðir þú eitthvað að fylgjast með Breiðabliki í sumar, komstu á einhverja leiki?

Já ég kom nokkrum sinnum heim fyrri part sumars og sá þá nokkra leiki í deildinni. Einnig hef ég fylgst vel með þeim í gegnum netið og séð brot úr leikjunum þar.

Ertu bjartsýnn á gengi félagsins á næstu árum?

Alveg frá því að ég kom heim sumarið 2006 hef ég haft fulla trú á því að félagið gæti gert það sem við höfum verið að gera síðastliðin 2 ár. Vegna þess að efniviðurinn sem til staðar er hjá félaginu er gríðarlegur. Einnig sagði ég eftir úrslitaleikinn í fyrra í bikarnum að þetta væri fyrsti bikarinn af mörgum. Það eru bjartir tímar framundan hjá Breiðabliki og það er gaman að vera Bliki í dag.

Borghildur Sigurðardóttir

JÓNAS HALLGRÍMSSON

Ástsælasta skáld þjóðarinnar. Í ljóðum hans er að finna margar af gæsemum íslenskrar tungu.

Hún er glöð á góðum degi,
glóbjart liðast hár um kinn.

Það er gott að vera
ánægður viðskiptavinur.

ÁNÆGDUSTU VIÐSKIPTAVINIR TRYGGINGAFÉLAGA ERU HJÁ VERÐI

Hringdu í 514 1000 eða farðu inn á vörður.is til að fá frekari vitneskju og tilboð í tryggingar þínar.

EINFALDAR TRYGGINGAR FYRIR FLÓKIÐ LÍF

 vörður



Orri Hlökkversson, Kári Ársælsson, Gunnar Reynir Magnússon, Ólafur Kristjánsson og Ólafur Björnsson.

Gunnar Reynir gerður að HeiðursBlika

Gunnar Reynir Magnússon löggiltur endurskoðandi varð áttatíu og fimm ára 8. nóvember í haust. Af því tilefni var ákveðið að sæma hann

nafnbótinni „HeiðursBliki“. Orri Hlökkversson formaður Breiðabliks mætti heim til Gunnars Reynis og færði honum tíðindin. En það var líka öflugur hópur Blika sem

kom með formanninum því Ólafur Kristjánsson þjálfari, Ólafur Björnsson formaður meistaraflokksráðs og Kári Ársælsson fyrirlíði meistaraflokksins ákváðu að heiðra



Gunnar Reynir Magnússon með heiðurskjalíð og Íslandsmeistarabikarinn.

þennan öfluga stuðningsmann félagsins í gegnum áratugi. Að sjálfsögðu komu þeir með Íslandsmeistarabikarinn með sér og gladdi það endurskoðandann mjög að sjá þennan bikar sem Blikar hafa beðið eftir í öll þessi ár. „Besta afmælisgjöf sem ég hef fengið“ sagði Gunnar Reynir hræður og vill þakka öllum sem gerðu þennan dag mjög svo eftirminnilegan.

Andrés Pétursson

Eineygður?

Góð lýsing er gulli betri í umferðinni. Öll ættum við að blikka ljóslausu og eineygða bíla sem við mætum í akstri. Með því móti gefum við til kynna að gleymst hafi að kveikja ljósin eða skipta þurfi um peru. Þannig hugsum við um hag allra vegfarenda. Auk ljósa skoðar Frumherji 166 önnur öryggisatriði í almennri skoðun. **Frumherji – örugg bifreiðaskoðun.**



Takmarkið að komast í úrslit gegn Man. Utd.

– segir Ingvar Kale, besti markvörður Íslandsmótsins 2010

Ingvar Kale markvörður var á margan hátt jafnbesti leikmaður Blikaliðsins í sumar. Hann varði oft frábærlega, spilaði sig inn í íslenska landsliðið og var að lokum valinn besti markvörður Pepsí-deildarinnar 2010. Okkur fannst því viðeigandi að spyrja þennan frábæra markvörð nokkurra spurning. Ingvar er 26 ára Kópavogsbúi (uppallinn í Kópavogi). Hann á tvær stelpur sem eru tveggja og fjögurra ára gamlar. Hann starfar dagsdaglega sem íþróttakennari við Álftamýrarskóla.

Af hverju ákvaðstu að skipta yfir í Breiðablik?

Þegar að Óli Kristjánss hringdi var í raun aldrei spurning. Víkingur var í 1. deild á þessum tímamarki og ég hafði metnað til þess að spila í úrvalsdeild.

Er eitthvað sem hefur komið þér á óvart hjá klúbbnum?

Nei í sjálfu sér ekki, bara frábær aðstaða sem að klúbburinn býður upp á.

Hvað flaug í gegnum huga þér í tilbrifum dagsins í lokaleiknum við Stjörnuna?

Það eina sem að ég hugsaði um var að halda hreinu, ef að leikurinn færi 0-0 og við yrðum ekki meistarar þá gerði ég allvegana mitt besta.

Áttir þú von á því að vera valinn besti markvörður deildarinnar árið 2010?

Já ég get ekki sagt annað, ég átti frábært tímabil. Þjóst samt alveg við því að vinur minn hann Scooter yrði valinn, enda var hann magnaður í sumar.

Hvað ættu ungir og upprennandi markmenn að tileinka sér við æfingar og keppni?

Æfa vel, útihlaup eru ekki alltaf málið, frekar að einblína á markmannspjálfun, en að sjálfsögðu þarf grunnþolið að vera í lagi.

Hvernig líst þér á starfið í vetur og hvernig spáir þú næsta sumri?

Hópurinn á eftir að mótast aðeins betur. Þannig að það er erfitt að spá í það að svo stöddu, en ég er bara það metnaðarfullur að ég sætti mig ekki við neitt annað en titil á næsta ári og góðan árangur í meistaradeildinni. Eigum við ekki bara að



segja að við förum í úslitin í meistaradeildinni á móti Man. Utd. og vinnum deildina án þess að tapa stigi ... :)

Hvernig sérðu sjálfan þig eftir 5 ár?

Ég sé mig í einhverju massa liði utan Íslands og í landsliðinu. (gott að hafa háleit markmið) :)



Kristinn Jónsson, Kristinn Steindórsson, Alfreð Finnbogason, Finnur Orri Margeirsson, Guðmundur Kristjánsson og Elfar Freyr Helgason.

Öflugir Blikar í U-21 árs landsliðinu

Breiðablik á góða fulltrúa í U-21 árs landsliðinu sem spilar í úrslitum EM í Danmörku næsta sumar. Þetta eru þeir Alfreð Finnbogason, Elfar Freyr Helgason, Guðmundur Kristjánsson, Kristinn Jónsson og Kristinn Steindórsson. Ekkert félagslið á jafn marga leikmenn í þessu landsliði og er reyndar langt síðan nokkuð íslenskt lið hefur átt jafn marga leikmenn í einu íslensku landsliði. Þar að auki eigum við einhverja leikmenn sem gætu hugsanlega bankað á dyrnar á þessu landsliði fyrir næsta sumar.

Eins og gefur að skilja hefur þessi árangur strákanna vakið mikla athygli og hafa þessir strákar verið á faraldsæti í vetur hjá liðum víða um Evrópu. Alfreð fór fyrstur og gerði að lokum samning við Lokeren í Belgíu. Elfar Freyr hefur farið í prufu til Grikklands, Englands og Svíþjóðar. Guðmundur Kristjánsson hefur verið undir smásjá

ýmissa liða í Englandi. Kristinn Jónsson og Kristinn Steindórsson hafa farið til Þýskalands og Svíþjóðar. Vonandi fara þessi leikmenn ekki allir í einu en það er ljóst að flestir þessara stráka verða farnir í atvinnumennsku innan 2-3 ára.

Unglingastarf Breiðabliks er farið að vekja athygli langt út fyrir landssteinana

og eru sumir farnir að líkja okkur við Ajax í Hollandi sem á 7. og 8. áratug síðustu aldar ungaði út ótrúlega mörgum frábærum leikmönnum. Við Blikar höldum okkur nú á jörðinni í þessum málum en þó er ljóst að augu evrópskra liða eru farin að beinast að okkur. Það er hið besta mál og við svörum því bara með

því að búa til enn meira af ungum og efnilegum leikmönnum. Skemmst er að minnast fyrsta æfingaleiks þessa undirbúningstímabils en í honum skoruðu tveir 16 ára strákar, Árni Vilhjálmsson og Guðmundur Friðriksson, mörkin í sigurleik gegn bikarmeisturum FH.

Framtíðin er því okkar!



Þessi ungu og efnilegu leikmenn komu við sögu í æfingaleiknum gegn FH. F.v. Oliver Sigurjónsson 15 ára, Guðmundur Friðriksson 16 ára og Hilmar Freyr Bjartþórsson 18 ára.

Stórhöfðinginn Konráð Kristinsson heimsóttur



Konráð Kristinsson og kona hans María Sigurðardóttir ástam Andrésí Péturssyni, Ólafi Björnssyni, Arnóri Aðalsteinssyni og Benedikt Þór Guðmundssyni.

Það féllu víða tár þegar lið Breiðabliks lyfti Íslandsmeistarabikarnum í fyrsta skipti í meistaraflokki karla. Einn af þeim sem átti ekki heimangengt á völlinn var stórhöfðinginn Konráð Kristinsson. Hann hefur átt við lasleika stríða enda orðinn rúmlega nírhæður. En eins og gamla máltækið segir „Ef fjallið kemur ekki til Múhammeds, þá fer

Múhammed til fjallsins“. Með þetta í huga skunduðu Ólafur Björnsson formaður meistaraflokksráðs, Arnór Aðalsteinsson landsliðsmaður Blika, Benedikt Þór Guðmundsson stjórnarmaður í knattspyrnu deild Breiðabliks og Andrés Pétursson, formaður Blikaklúbbsins, til Konráðs og konu hans Maríu Sigurðardóttur.

Konráð og Maríu sinntu sjálfbodaðistarfi í áratugi fyrir knattspyrnu deildina. Konráð átti meðal annars sæti í meistaraflokki karla í áratugi og var ætíð til staðar í getraunastarfi eða öðru því sem þurfti að gera. María stóð við hlið manns síns í þessu starfi og einnig hafa synirnir Konráð og Sigurður verið öflugir liðsmenn. Það er svona fólk sem gerir

Breiðablik að því stórveldi sem það er í dag!

Þess má geta að María lést nokkrum dögum eftir að við vorum í heimsókn hjá þeim hjónum. Knattspyrnu deild Breiðabliks sendir Konna og fjölskyldu hans samúðarkveðjur. Við kveðjum þessa sómakonu með söknuði.

Andrés Pétursson



Kristinn efnilegastur

Kristinn Steindórsson átti, eins og margir aðrir Blikar, frábært ár. Hann spilaði mjög vel fyrir liðið; lagði upp mörg mörk fyrir félagi sína og endaði síðan sem fjórði markahæsti leikmaður deildarinnar með 12 mörk. Kristinn var síðan kjörinn efnilegasti leikmaður Pepsi-deildarinnar á lokahófi KSÍ síðasta haust.

Það verður gaman að fylgjast með þessum efni-

lega leikmanni í framtíðinni. Hann á sæti í U-21 árs landsliði Íslands sem tryggði sér sæti í úrslitum Evrópumótsins í knattspyrnu. Úrslitin fara fram í Danmörku næsta sumar. Þar verður hann í góðum félagsskap fjögurra annarra Blika; Alfreðs Finnboga-sonar, Elfars Freys Helgasonar, Kristins Jónssonar og Guðmundar Kristjánssonar.

Þú styrkir Breiðablik og lækkar eldsneytiskostnaðinn um leið

Afsláttur alveg

vinstri hægri!



Kynntu þér sérkjörin á www.breidablik.is (Knattspyrnudeild)

ORKAN
AFSLÁTTUR VINSTRI HÆGRI!

Júlíus fær viðurkenningu KþFÍ



Knattspyrnuþjálfarafélag Íslands (KþFÍ) hefur veitt Júlíusi Ármanni Júlíussyni sérstaka viðurkenningu fyrir frábæran árangur fyrir árið 2010. Þetta var tilkynnt á aðalfundi Knattspyrnuþjálfarafélagsins fyrir skömmu. Júlíus hefur náð frábærum árangri frá því að hann kom til Breiðabliks fyrir fjórum árum. Þeir eru óteljandi titlarnir sem hann hefur náð í hús og má þar til dæmis nefna Íslandsmeistararitla í 4. og 5. flokki kvenna og 4. flokki karla á þessu ári.

Júlíus Ármann hóf þjálfaraferil sinn hjá Gróttu og náði þar mjög góðum árangri. Þrátt fyrir að vera ekki uppalinn í Kópavogi hefur Júlíus sterkar rætur í

bænum. Má þar til dæmis nefna að afi hans, Lárus Salomónsson glímukappi, bjó í Kópavogi og einn mesti afreksmaður Breiðabliks fyrr og síðar, Ármann

J. Lárusson glímukappi og markvörður meistaraflokks Blika í knattspyrnu, er móðurbróðir Júlíusar. Þar að auki lék móðir Júlíusar, Brynja Lárusdóttir hand-

knattleik með Blikunum. Við óskum þessum snjalla þjálfara til hamingju með viðurkenninguna og vonandi fá Blikar að njóta starfskrafta Júlíusar um langa hríð.





Andri Rafn og Tommi

Ætla að sýna sig og sanna, klárlega krefjandi verkefni fyrir höndum



Andri Rafn Yeoman og Tómas Óli Garðarsson.

Lífið er búið að vera ljúft og ljúft eftir að Íslandsmeistaratiðilinn kom í hús. Við getum ekki beint sagt að það hafi verið rólegt enda hófust nokkrum dögum síðar æfingar með U19 landsliðinu fyrir undan-

keppni Evrópumótsins sem kláraðist nú fyrir stuttu. Þannig að það eru búnar að vera miklar æfingar en á sama tíma hefur það gert allt skemmtilegra að hafa einn Íslandsmeistaratiðil á bakinu.

Hversu gaman var að vera í liðinu sem vann fyrsta Íslandsmeistaratiðilinn í mfl.kk.?

Það er frábært. Þessi tvö ár sem við höfum verið í kringum meistaraflokkinn hafa verið afar góð og

árangursrík, bikartitillinn í fyrra og núna Íslandsmeistaratiðilinn. Þetta var virkilega ljúft og sérstaklega í ljósi þess að þetta var fyrsti Íslandsmeistaratiðil Breiðabliks í meistaraflokki karla. Það er allt svo miklu skemmtilegra þegar vel gengur.

Nú eruð þið ungir og hafið verið að vekja athygli fyrir góðan fótbolta, hversu mikinn tíma tekur fótboltinn?

Hann tekur töluverðan tíma. Eftir skóla er nánast undantekningarlaust æfing sem getur tekið nokkuð langan tíma og hjá mörgum okkar eru einnig æfingar fyrir hádegi, tvisvar til þrisvar í viku. Svo þetta tekur vissulega mikinn tíma en það er meira en þess virði.

Hugsið þið aldrei um að hætta þegar illa gengur?

Nei, við getum ekki sagt að okkur hafi nokkurn tíma dottið í hug að hætta að spila fótbolta. Við höfum aldrei verið í liði sem hefur unnið bikara fyrr en núna með meistaraflokknum en þrátt fyrir það hefur aldrei hvarflað að okkur að hætta. Vissulega getur verið erfitt þegar hlutinar eru ekki að ganga upp eins og maður hafði lagt upp með en það er alltaf gaman að sparka í bolta og myndum við eflaust

ekki endast lengi án þess að fara á æfingar.

Hvernig er að æfa með Blikunum, þjálfarar? Stemning? Félagar?

Það er virkilega gaman að æfa með Breiðabliki. Þjálfararnir er mjög góðir og hafa mikið vit á því sem þeir gera og segja. Það er margt sem þeir kenna manni og það er einmitt eitt af hlutverkum þeirra. Stemningin í liðinu hefur alltaf verið frábær eftir að við komum í liðið og mikil samheldni og vinátta á milli manna. Auðvitað þekkir maður suma betur en aðra og á nokkra góða vini í hópnum en það fer aldrei út í það að búa hópinn niður í einhverja minni hópa eða neitt slíkt.

Hvernig líst ykkur á framhaldið hjá Breiðablik?

Bara mjög vel. Það er klárlega krefjandi verkefni fyrir höndum. Að vinna Íslandsmeistaratitilinn var eitthvað nýtt fyrir félagið en núna vita menn hvernig það er og þar af leiðandi verða kröfurnar meiri en oft áður. En það er bara jákvætt, næsta tímabil verður eflaust öðruvísi þar sem við förum inn í það með því hugarfari að verja titilinn. Það verður mjög fróðlegt af fylgjast með framhaldi liðsins og heiður að fá að vera hluti af því. Vonandi náum við að leggja eitthvað af mörkum svo framhaldið verði sem árangursríkast.

Hvert er framhaldið hjá ykkur?

Það er bara að mæta á æfingar og gera það sem þarf til þess að taka næsta skref og bæta okkur sem knattspyrnumenn. Núna er markmið okkar að öðlast meiri reynslu með því að fá að spila fleiri mínútur á komandi tímabili og svo verður bara annað að koma í ljós síðar meir.

Mun Breiðablik halda áfram sigurgöngu næstu árin eins og margir vilja meina?

Það er virkilegt erfitt að segja til um það. Vissulega höfum við mjög frambærligan hóp og ættum því að geta barist um titla á komandi tímabilum. Svo er alltaf spurning hvaða breytingar verða á leik-

mannahópnum og svo framvegis en það ætti að gefa öðrum leikmönnum tækifæri til að sýna sig og sanna. Svo ef það verða miklar leikmannabreytingar, sem má vel gera ráð fyrir á næstu árum, er það mikið undir þeim komið sem munu fylla í skarðið. Við höfum fulla trú á því að það muni takast með þá menn sem sjá um

liðið, leikmannahópin og aðstæðurnar sem eru til staðar hjá félaginu. Framtíðin ætti því að geta verið björt en það þarf margt að ganga upp.

Eitthvað sem þið viljið segja að lokum?

Common deeee grööðone!!!

Kristján I. Gunnarsson

Alfreð til Lokeren



Knattspyrnudeild Breiðabliks hefur náð samkomulagi við úrvalsdeildarliðið Sporting Lokeren Oost-Alaanderen í Belgíu um sölu á leikmanninum Alfreði Finnbogasyni. Lokeren þekkir vel til íslenskra leikmanna og má til dæmis nefna að Arnar Grétarsson og Marel Baldvinsson spiluðu fyrir félagið. Alfreð stóð sig

frábærlega á síðasta keppnistímabili og var meðal annars valinn besti leikmaður mótsins bæði af Morgunblaðinu, Fréttablaðinu og KSÍ. Þar að auki var hann einn af þremur markahæstu leikmönnum Íslandsmótsins 2010 með 14 mörk.

Ritstjórn Ársrits knattspyrnudeildar óskar Alfreði til hamingju með þennan áfanga. Við erum sannfærð

að Alfreð á eftir að standa sig vel í Belgíu.

Einnig viljum við óska öllum Blikum til hamingju með þessa sölu enda er þetta enn ein staðfesting á því að rétt hefur verið staðið að málum hjá knattspyrnudeild Breiðabliks á undanförunum árum.

Arnór v.s. Ronaldo

Arnór Sveinn Aðalsteinsson landsliðsmaður okkar Blika mætti engum öðrum en Ronaldo í landsleik á Laugardalsvelli í haust. Okkur langaði að fá að vita hvernig það var að mæta svona frægum knattspyrnumanni á velli. Arnór er þekkt ljúfmenni og var tilbúinn að svara nokkrum spurningum.



Það er alltaf tekið út með sældinni að vera landsliðsmaður. Arnór kælir fótinn eftir erfiða tæklingu í leik í sumar.

Hvernig var að etja kappi við Christian Ronaldo í landsleiknum við Portúgal? Hvað flaug í gegnum huga þinn þegar þú mættir honum í vörninni?

Það var frekar sterk upplifun að standa frammi fyrir manni eins og Ronaldo. Það er þó alltaf þannig að þetta eru bara venjulegir strákar sem finnst gaman í fótbolta eins og okkur hinum. Þetta segir manni hinsvegar það, að ef maður æfir vel og setur sér skýr markmið þá er allt hægt.

Hverjar eru fyrstu minningar þínar úr fótboltanum?

Mér er sagt að ég hafi verið með bolta fyrir framan fæturna allt frá því að ég fór að ganga. Fram að þeim tíma notaði ég hendurnar, sem vakti von í brjósti þabba að ég yrði handboltamaður. En fyrsta minningin mín úr fótboltanum er líklega Shell mótið í Eyjum árið 1995. Þetta mót var snilld og er líklega einn af mínum hápunktum á ferlinum.

Nú var þabbi þinn atvinnumaður og landsliðsmaður í handbolta, hvernig stóð á því að þú valdir fótboltann?

Þetta bara þróaðist svona og það var aldrei nein pressa frá foreldrum mínum að velja þeirra íþróttir, en mamma var og er liðtæk körfuboltakona. Ég man eftir mér í handboltahúsum viðs vegar í Þýskalandi og það má kannski segja að ég sé hálfpartinn alinn upp í íþróttahúsum. Fótboltinn átti hug minn allan og eftir að við fluttum heim frá Þýskalandi og í Fífuhamm-

inn, sem er nánast á íþróttasvæðinu lá það beinast við að skella sér í fótbolta. Svo má bæta því við að eins og allir vita er handbolta ekki íþrótt og ég nokkuð fljótur að átta mig á því :-)

Hver er hápunkturinn á þínum knattspyrnuferli?

Ætli það sé ekki þegar ég byrjaði inná fyrir Íslands hönd á móti Mexíkó þegar 65 þúsund klikkaðir áhorfendur sem létu vel í sér heyra horfðu á leikinn. Það var rosaleg upplifun og mikil reynsla fyrir mig og eitthvað sem á eftir að reynast mér vel og var mjög dýrmætt.

Hver eru framtíðarmarkmið þín í knattspyrnu?

Ég ætla að spila efstudeildar fótbolta þangað til að ég verð svona rúmlega fertugur, eftir það væri gaman að geta þjáfað eitthvað lið.

Hver er klikkaðasti leikmaðurinn í meistaraflokki Breiðabliks?

Guðmann var náttúrulega sá allra klikkaðasti og það var erfitt að fylla hans skarð. Það er erfitt að velja einhvern einn úr en það eru nokkrir efnilegir t.d. Elli Helga. Það er alltaf gaman að vinna hann á æfingum, hann á það til að verða þínu pirraður þegar hann tapar.

Hvernig sérðu fyrir þér veturinn og næsta sumar?

Biðdu, leyfðu mér að hugsa. Í vetur sé ég fyrir mér fótboltaæfingar og í sumar sé ég fyrir mér BIKARA ...!

Helgi Þór Jónasson

Hreint ehf. fyrst fyrirtækja til að gera samstarfssamning við Íslandsmeistarana!

Hreint ehf. hefur gert tveggja ára samstarfssamning við knattspyrnudeild Breiðabliks og er þar með fyrsta fyrirtækið til að gera samstarfssamning við Íslandsmeistara Breiðabliks. Það er vel við hæfi því Hreint er rótgróið fyrirtæki í Kópavoginum og framkvæmdastjóri og meðeigandi fyrirtækisins frá árinu 2002 er Ari Þórðarson sem er gamalkunnur Bliki. Hreint ehf var stofnað 12. desember 1983 og er ein elsta og stærsta ræstingaþjónusta landsins. Starfsemi fyrirtækisins hefur alla tíð snúist um að þjóna fyrirtækjum og stofnunum með reglulegum ræstingum og tengdri þjónustu. Fyrirtækið er með starfsemi á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri, Akranesi og Selfossi. Knattspyrnudeild Breiðabliks þakkar Hreint og Ara fyrir stuðninginn og óskar honum jafnframt til hamingju með að vera fyrstur til að gera samstarfssamning við Íslandsmeistarana!



Á myndinni má sjá Ara Þórðarson (til vinstri) og Svavar Józefsson framkvæmdastjóra knattspyrnudeildar með bikarinn góða.



200



Viðtal við Árna Kristin Gunnarsson

Ég held ég verði að nefna vinstri fótan þrumufleyginn sem ég klíndi í vinkilinn ...

Hvernig er lífið að fara með þig og fjölskylduna í Seattle?

Lífið er bara að fara alveg ljómandi vel með okkur fjölskylduna hérna á vesturströndinni. Loftslagið er mjög þægilegt, ekki of heitt og ekki of kalt. Það rignir reyndar svolítið eins og við var að búast, en ekkert meira en á Íslandi. Seattle er mjög falleg og skemmtileg borg, en við höfum reyndar ekki náð að kynnst henni alveg nógu vel ennþá þar sem námið mitt er mjög krefjandi og tímafrekt, en um leið áhugavert og skemmtilegt. En það styttist í jólafrí og það ætlum við að nýta vel.

Var ekkert erfitt að fara frá Íslandi?

Jú, það er töluvert erfiðara að rífa upp heila fjölskyldu og flytja í aðra heimsálfu heldur en að fara bara einn eins og ég gerði þegar ég fór í BS námið mitt um aldamótin. Það er sérstaklega erfitt að slíta strákana frá vinum sínum og ömmum og öfum, þar sem það er erfiðara fyrir þá að vera í sambandi við fólk í gegnum netið en fyrir mig og Regínu. Þeir spjalla samt oft á Skype og finnst það mjög gaman. Maður saknar náttúrulega fjölskyldu, vana og vitleysinganna úr boltanum en maður reynir að halda einhverju sambandi,



Árni Kristinn Gunnarsson hinn leikreyndi varnarmaður Blika dvelur nú við nám í Bandaríkjunum.

og svo verður maður kominn heim aftur áður en maður veit af.

Nú ert þú búinn að æfa með Blikunum frá unga aldri. Hefur ekki verið erfitt að setja fótboltann alltaf í fyrsta sæti?

Það er rétt, ég hef ekki misst úr sumar með Blikum alveg frá því ég byrjaði að æfa þar 5 ára gamall þannig að það gerir 26 sumur samfleytt ef ég kann að reikna rétt (sem er eins gott að ég kunn!). Það er reyndar erfitt að segja að fótboltinn hafi alltaf verið í fyrsta sæti hjá manni þegar maður á stóra fjölskyldu og er í fullri vinnu, en ég hef samt alltaf lagt eins mikið í hann og ég mögulega get, og stundum aðeins meira en það. Það er auðvitað erfitt á köflum en þetta er bara alltaf svo andskoti skemmtilegt að það er eiginlega ekki annað hægt. Svo er náttúrulega bara ekkert annað í boði þegar maður er að spila með besta liði landsins!

Hvernig er tilfinningin þegar að menn ná loksins að landa stórum titli eftir svona mörg ár í boltanum?

Það er nú frekar erfitt að lýsa því með orðum hvað ég upplifði eftir að boltinn fór í slána og út í síðasta vítinu í Bikarnum 2009.

Maður er bara í einhverju móki og skilur varla hvað er í gangi og veit ekkert hvernig maður á að vera, frábær tilfinning! Svo lifir maður á þessu í margar vikur og mánuði á eftir. Víman var svo varla runnin af manni þegar við tókum sjálfan Íslandsmeistaratitilinn og það er eitthvað sem verður ekki toppað. Þá gekk ég í rauninni í gegnum sama rússíbana nema bara í öðru veldi! Ég þurfti reyndar að fljúga út strax daginn eftir þannig að ég fékk ekki að njóta þess alveg í botn með strákunum, en ég er samt varla kominn niður úr skýjunum ennþá!

Hver er skemmtilegasti leikmaður sem þú hefur spilað með?

Úfff, ég hef spilað með svo mörgum skemmtilegum leikmönnum að er erfitt að nefna nöfn. Það eru engar ýkjur þegar ég segi að sá elsti sem ég hef spilað með gæti verið afi þess yngsta. En sá fyrsti sem kemur upp í hugann er Addi Grétars, sem gæti reyndar verið afi minn ef út í það er farið. En sama hversu hrumur hann er orðinn blessaður, þá voru taktarnir hans ótrúlega skemmtilegir eins og flestir þekkjá. Aðrir sem koma upp í hugann eru Bonni, Siggí Grétars, Kjarri Einars, Bjarki Péturs (sem er sá eini sem hefur klobbað fleiri menn en Alfred Finnboaga) og Kristó, bara svona til að nefna örfáa af eldri kynslóðinni. Svo er náttúrulega endalaust af skemmtilegum leikmönnum í Íslandsmeistarakenninu okkar og í hinum fræga '80 árgangi.

Samkvæmt mínum heimildum þá ert þú búinn að spila 253 leiki fyrir Breiðablik. Hvaða leikur er sá eftirminnilegasti?

Eftirminnilegasti staki leikurinn er án efa úrslitaleikur VISA – Bikarsins 2009. Það er fátt sem jafnast á við að spila slíkan leik. Svo voru nánast allir leikirnir í sumar mjög eftirminnilegir og það er erfitt að gera þar upp á milli leikja. En það er fátt sem jafnast á við það að vinna eitthvað „stórlíð“ á þeirra heimavelli þó að það sé almennt best og skemmtilegast að spila á Kópavogsvelli.

Þú ert búinn að skora 17 mörk fyrir Blikana, er eitthvað mark sem stendur upp úr?

Ég skora svo fá mörk að þegar ég skora þá stendur það alltaf upp úr fyrir mig. Ég hef líka lagt það í vana minn að skora eingöngu sigurmörk og ég skora á einhvern að finna mark sem ég hef skorað í tapleik! En ég held ég verði að nefna vinstri fótár þrumufleyginn sem ég klindi í vinkilinn á móti Fjölni 2008. Menn hafa talað um að vindurinn hafi hjálpað til, en það sem fæstir vita er að þetta var í rauninni í mótvindi. Skotið var hins vegar það fast að það leit út fyrir að hafa verið tekið í meðvindi. Ef ég hefði verið með vindinn í bakið í þessu skoti væru Grafarvogsbúar sennilega ennþá að gera við netmöskvana.

Þú flaugst heim fyrir síðasta leikinn á móti Stjörnunni, hefðir þú verið tilbúinn í að koma inn á?

Ég er alltaf klár í að spila og það hefði að sjálfsgöðu

verið gaman að koma inn á í síðasta leiknum. En ég hafði ekki tök á að komast í neinn fótbolta í heilan mánuð áður en ég kom heim þannig að hugsunin var aldrei sú að ég myndi spila eitthvert stórt hlutverk inni á vellinum í þessum leik. Frekar að vera til taks ef þörf væri á og að reyna að gera eitthvað af viti utan vallar til að hjálpa hópnum.

Hvernig var stemningin í klefanum eftir leik, komu gleðitár?

Stemningin inni í klefa eftir leikinn var alveg ótrúleg, hreint út sagt. Menn hörkuðu nú flestir af sér tárin en það var erfitt fyrir suma. Við hringdum í gamla manninn til Grikklands og hann var gráti næst. Menn höguðu sér svo bara almennt eins og smábörn sem hafa enga stjórn á sér, slík voru fagnaðarlætín.

Hvað tekur við hjá þér núna, ertu kannski búinn að spila þinn síðasta leik fyrir Breiðablik?

Það er náttúrulega bara námið sem tekur við hjá mér núna. Það er svolítið meiri vinna heldur en ég bjóst við þannig að það er erfitt að ætla sér að spila fótbolta af einhverri alvöru með því. Ég mun samt finna mér einhvern hóp til að spila með reglulega og svo reynir maður að hlaupa og lyfta eitthvað líka til að maður detti ekki úr öllu formi. Svo reyni ég að sjálfsgöðu að sinna fjölskyldunni eins vel og hægt er. Við verðum hér úti næsta sumar og þau eiga örugglega ekki eftir að kvarta yfir því að ég geti kannski skroppið með þeim í eitt-

hvað smá sumarfrí. Ég ætla að fara varlega í einhverjar yfirlýsingar um að ég sé hættur í fótbolta því maður á alltaf eftir að spila einhvers konar bolta, hvort sem það er einu sinni í viku eða sex sinnum. Eins og staðan er í dag eru samt meiri líkur en minni á að ég sé búinn að spila minn síðasta leik fyrir Breiðablik, en gamla klisjan um að það eigi aldrei að segja aldrei á vel við hér.

Eitthvað að lokum?

Það er bara einhver væmni sem kemur upp í hugann! Ég vil þakka fjölskyldunni minni sem studdi mig alltaf í boltanum, ekki síst henni Reginu minni, sem á einhvern óskiljanlegan hátt giftist mér í sumar, en hún hefur veitt mér ómetanlegan stuðning og skilning, með heimilið fullt af smábörnum. Ég veit að ég var ekki að vinna Óskarinn en mig langaði bara að koma þessu á framfæri. Að lokum langar mig svo þakka öllum hjá hinu stórkostlega félagi Breiðabliki fyrir 26 frábær ár! Hvort sem það eru starfsmenn, stjórnarmenn, þjálfarar, leikmenn eða stuðningsmenn þá stend ég í mikilli þakkarskuld við alla sem ég hef kynnst í klúbbnum yfir öll þessi ár. Ég veit að strákarnir munu halda áfram að taka titla og stelpurnar líka sem og yngri flokkarnir. Synir mínir verða án efa Íslandsmeistarar með meistaraflokki Breiðabliks 2030!

Höldum áfram að byggja upp stórveldi.

Áfram Blikar!!!!

Kristján I. Gunnarsson



Sara Björk Gunnarsdóttir – leikmaður leikmannanna í meistaraflokki kvenna



Landsliðskonan Sara Björk Gunnarsdóttir.

Hvað varstu gömul þegar þú byrjaðir að æfa og hvernig voru aðstæður þá?

Ég var fimm ára að verða sex þegar ég byrjaði að æfa, fór á fyrstu æfinguna mína í gamla Lækjarskólasalnum í Hafnarfirði. Þessi salur er mjög lítill svona svipaður og tengibyggingin í Smáranum. Aðstæður voru ekki eins góðar og í dag. Við þurftum oft að æfa úti í slæmum veðrum eða finna önnur úrræði. Við æfðum t.d.

inni í hesthúsi á mölinni þar og á gervigrasteppinu á Ásvöllum :-). Fyrstu árin æfði ég með strákum því stelpuflokkar voru ekki orðnir eins algengir og þeir eru í dag.

Hvað finnst þér skemmtilegast við fótboltann?

Mér finnst flest allt skemmtilegt við fótboltann. Ég er mikil keppnismanneskja og það að vera í keppni er mjög skemmtilegt. Maður þarf alltaf að vera vel

undirbúinn áður en keppni hefst og dagsformið skiptir verulega miklu máli. Ef við erum að skoða hvað er skemmtilegast á æfingum að mínu mati þá eru það sendingaæfingar. Þær krefjast mikillar nákvæmni og þolinmæði að ná tökum á góðum sendingum. Eitt af því sem er samt alltaf skemmtilegast í fótboltanum er þegar við spilum á grasi á sumrin. Það fylgir því sérstök tilfinning eftir að hafa verið að spila inni í húsum á veturna.

Hverjir voru hápunktar sumarsins að þínu mati?

Hápunktur sumarsins var að spila í Meistaradeildinni. Við vorum með heila umferð í undankeppninni hér heima og vorum þar að keppa við þrjú erlend félög. Okkur gekk vel þar og komumst áfram í 32ja liða úrslit. Við vorum þínu óheppnar að lenda þar á móti einu af þessum liðum sem sótti okkur heim en við fengum að fara til Frakklands og keppa þar við góðar aðstæður - þetta var frábær upplifun.

Hvert stefnir þú í fótboltaíðkun þinni?

Ég stefni að sjálfsögðu á atvinnumennsku og að vera meðal bestu. Þetta er búið að vera draumur hjá mér síðan ég var yngri og hef ég stöðugt unnið að þessu markmiði mínu. Maður þarf

að leggja mikið á sig til að ná árangri en mér finnst það gaman og vonandi fer ég fljótlega að ná í atvinnumennskuna.

Hvatningarorð til yngri iðkenda?


Verið alltaf að æfa ykkur, alltaf að leika ykkur í fótbolta fyrir utan æfingar og æfðu meira en aðrir.

Borghildur Sigurðardóttir



Fjölmenni í Tenggi

Þitt af öflugustu stuðningsfyrirtækjum knattspyrnu deildar Breiðabliks undanfarin ár er Tenggi h.f. Það hefur fylgt deildinni í gegnum súrt og sætt og kunnum við Blikar að meta það. Í ár var engin breyting þar á og í haust blés fyrirtækið til Blikadags þar sem Þórir og hans fólk kynnti fyrirtækið og strákarnir í meistaraflokknum mættu og undirrituðu plakat með mynd af meistaraflokknum. Fjölmargir lögðu leið sína á Smiðjuveginn og fengu árit að plakat frá hetjunum sínum. Þessar myndir voru teknar við það tækifæri.







Breiðablik 2010

Neðsta röð f.v. Ólafur Kristjánsson þjálfari, Rannver Sigurjónsson, Haukur Baldvinsson, Kristinn Jónsson, Guðmundur Kristjánsson, Ingvar Kale, Kári Ársælsson fyrirlíði, Sigmar I. Sigurðarson, Sverrir Ingi Ingason, Finnur Orri Margeirsson, Tómas Óli Garðarsson, Árni Vilhjálmsson, Einar Kristján Jónsson formaður.

Miðröð. Ingvi J. Ingvason stjórnarmaður, Örn Örylgsson liðsstjóri, Arnar Bill Gunnarsson aðstoðarþjálfari, Trausti Þór Ósvaldsson liðsstjóri, Andri Rafn Yeoman, Elfar Freyr Helgason, Vignir Jóhannesson, Bjarki Aðalsteinsson, Ágúst Arnarson, Þorsteinn Hilmarsson gjaldkeri, Guðrún S. Ólafsdóttir stjórnarmaður, Svavar Jósefsson framkvæmdastjóri, Ólafur Björnsson formaður meistaraflokksráðs.

Efsta röð. Jón Magnússon liðsstjóri, Kristján H. Ragnarsson sjúkraþjálfari, Alfreð Finnbogason, Elvar Páll Sigurðsson, Kristinn Steindórsson, Olgeir Sigurgeirsson, Arnór Aðalsteinsson, Guðmundur Pétursson, Jökull Elísabetarson, Rafn Andri Haraldsson, Úlfar Hinriksson aðstoðarþjálfari og Þórður Magnússon sjúkraþjálfari, undir bikar er Árni Kristinn Gunnarsson.



ÍSLANDSMEISTARAR 2010





Íslandsmótinu lokið og 2. sætið orðið ljóst á Valsvellingum 27. september.

Æfingahópurinn

Í 2. flokki karla voru strákar fæddir árin 1991, 1992 og 1993. Flestir iðkendur flokksins voru á yngsta árinu eða 20 strákar. Um 22 strákar voru samtals á tveimur eldri árunum og skiptust þeir nokkuð jafnt á milli þeirra beggja. Yfir veturinn æfðu yfir 60 drengir hjá 2. flokki karla og æfðu nokkrir drengir úr 3. flokki einnig með okkur.

Æfingasókn var mjög góð hjá þeim strákum sem lögðu stund á fótboltann af alvöru og ástundun þeirra til fyrirmyndar. Yfir veturinn var æft 6-8 sinnum í viku og yfir sumarið 5-6 sinnum. Á undirbúningstímabilinu var lagt upp með að hafa æfingarnar fjölbreyttar og komum við því víða við. Mættu strákarnir í Lindaskóla 1 sinni í viku og gerðu styrktaræfingar. Hlaupið var reglulega fyrir æfingar. Æft var 3-4 sinnum í viku á gervigrasi og lyftingar 2-3 sinnum í viku.

Mót og leikir

2. flokkur karla tók þátt í mörgum verkefnum á árinu. Tekið var þátt í öllum mótum á vegum KSÍ og voru spilaðir 24 æfingaleikir. Um sumarið var ákveðið að vera með þrjú lið í Íslandsmóti KSÍ tvö A-lið og eitt B-lið svo allir fengu tækifæri til

að spila fótbolta. Við mátti búast að erfitt yrði að manna þessi lið á ákveðnum tímapunktum en drengir úr 3. flokki voru tilbúnir að takast á við þetta verkefni með okkur og spiluðu 19 strákar úr 3. flokki með okkur í sumar.

37 sigrar, 8 jafntefli og 28 töp var niðurstaðan úr þeim 73 leikjum keppnistímabilsins sem leiknir voru á vegum KSÍ í Íslandsmóti

innanhúss, Faxaflóamóti og Íslandsmóti 2009.

Breiðablik var með lið í A-riðli Íslandsmótsins og náði liðið þar 2. sæti eftir dramatíska lokaumferð þar sem sigur í lokaleiknum hefði tryggt okkur Íslandsmeistaratitil. En á undan lokaleiknum höfðu strákarnir unnið 6 leiki í röð og komið sér vel fyrir í 2. sætinu. Í upphafi nýs árs urðu strákarnir Íslandsmeistarar

innanhúss 2010 eftir spennandi úrslitaleik við Snæfellsnes sem vannst 2-1.

Sjö strákar á 2. flokks aldri æfðu eða spiluðu með meistaraflokki karla á árinu.

Á árinu tóku nokkrir strákar flokksins þátt í landsliðsverkefnum og voru þeir félaginu til mikils sóma.

Besti leikmaður 2. flokks karla var valinn Gunnar Smári Agnarsson markmaður.

Mestu framfarir í 2. flokki karla voru hjá Orra Steinari Steingrímssyni.

Leikmaður leikmannanna var valinn Bjarki Aðalsteinsson.

Skemmtilegt og árangursríkt ár má þakka öflugum starfi í 2. flokki, duglegum umsjónarmönnum það er að segja stuðningsmönnum númer EITT og strákum með skýr langtímamarkmið um að verða knattspyrnumenn framtíðarinnar.

*Blikakveður,
Einar Ólafsson
þjálfari 2. flokks karla*



Íslandsmeistarar innanhúss 2010.

Landsbankinn er bakhjarl knattspyrnudeildar Breiðabliks

Velgengni á vellinum!

Landsbankinn er stoltur bakhjarl knattspyrnudeildar Breiðabliks. Breiðablik varð Íslandsmeistari í knattspyrnu karla 2010 og ætlar sér að verja titilinn á næsta ári. Breiðablik hefur unnið frábært barna- og unglingastarf á síðustu árum sem hefur skilað þeim árangri að um 1.300 iðkendur stunda nú knattspyrnu með félaginu.

Landsbankinn óskar knattspyrnudeild Breiðabliks velgengni á vellinum.



SAMFÉLAG Í NÝJAN BÚNING

Landsbankinn hefur afsalað sér auglýsingu á búningum Breiðabliks og bauð liðinu þess í stað að velja sér gott málefni til liðveislu. Breiðablik valdi Hringinn og prýðir því merki hans búninga Breiðabliks. Í tilefni af þessu hefur Landsbankinn fært Hringnum 500.000 kr. styrk.

Stofnaður hefur verið áheitasjóður fyrir Hringinn og greiðir bankinn ákveðna upphæð fyrir hvern sigur meistaraflokka Breiðabliks á Íslandsmóttinu í knattspyrnu. Öðrum fyrirtækjum og einstaklingum er frjálst að heita á liðið sitt og leggja þannig góðu málefni lið.

Íþróttir geta sannarlega verið gefandi. Sigur Breiðabliks er ávinningur fyrir Hringinn.



Aðalþjálfarar 3. flokks karla á tímabilinu voru þeir Kristján S.F. Jónsson og Úlfar Hinriks-son. Haukur Hjartarson bættist svo við þjálfara-
hópinn yfir sumarmánuði-
na. Knattspyrnuæfingar voru að jafnaði fjórum sinnum í viku en auk þeirra voru reglulega hlaupaæfingar. Æfingar fóru fram í Fífu og Kórnum en einnig í Fagralundi þegar vallarað-
stæður leyfðu. Hópurinn var oftast tvískiptur á æfingum nema í Fagralundi þar sem hann var þrískiptur. Á hlaupaæfingum voru allir saman. Rúmlega 50

drengir æfðu mjög vel allt tímabilið. Aðalmarkmið þjálfara var að sinna öllum leikmönnum með verkefnum við hæfi á æfingum og í leikjum.

Fyrir utan æfingar hittist hópurinn reglulega og gerði margt saman. Farið var í sjósund um miðjan vetur, sálfræðingur og næringarfræðingur héldu fyrirlestra fyrir strákana. Íþróttafélagsfræðingur hitti drengina og fór með þá í keppnir og flestir fóru á dómaramámskeið, Litlu jólin voru haldin hátíðleg með hangiketi og uppstúfi ásamt hvatningarorðum frá þjálfara meistara-flokks. Lokahóf flokksins var

svo grillveisla þar sem umsjónarmenn grilluðu lamb og svín handa strákunum.

Flokkurinn tók þátt í Faxaflóamóti, Íslandsmóti og A-liðið tók þátt í VISA-bikarnum. Á milli móta voru leiknir æfingaleikir.

Árni Vilhjálmsson, Oliver Sigurjónsson og Guðmundur Friðriksson léku með U17 ára landsliði Íslands á árinu. Leikmenn í úrtakshópum KSÍ á árinu voru þeir Arnór Bjarki Hafsteinsson, Bragi Þór Kristinsson, Hafþór H. Steinþórsson, Gunnlaugur H. Birgisson, Adam Örn Arnarsson, Ósvald Jarl

Traustason, Hjálmar Diego Arnórsson, Nikulás Snær Magnússon, Páll Olgeir Þorsteinsson, Atli Fannar Jónsson og Ingiberg Ólafur Jónsson.

Leikmaður flokksins var valinn Árni Vilhjálmsson, mestu framfarirnar sýndi Stefán Jónsson og Bliki ársins var valinn Darri Egilsson.

Í 3. flokki karla eru samviskusamir og kurteisir strákar sem kunna þó að njóta lífsins með glenski og gamni. Drengirnir voru félaginu til fyrirmyndar innan vallar sem utan. Við óskum eldra árinu góðs gengis í 2. flokki.

Í mótum ársins varð árangurinn eftirfarandi:

	A-lið	A2-lið	B1-lið	B2-lið	B3-lið
Faxaflóamót	1. sæti í sínum riðli	2. sæti í sínum riðli	1. sæti í sínum riðli	4. sæti í sínum riðli	4. sæti í sínum riðli
Íslandsmót	2. sæti í A riðli	Íslandsmeistari	3. sæti í A riðli	1. sæti í C riðli	C lið 2. sæti
VISA Bikar	Bikarmeistari				



Íslandsmeistarar 2010 A2 liði Breiðabliks í 3. flokki.

Aftari röð frá vinstri: Haukur Már Hjartarson (þjálfari), Hermann Ármannsson, Darri Helgason, Óli Ólafsson, Árni Konráð Árnason, Sigurjón Orrí Þórisson, Gunnar Patrik Sigurðsson, Hjálmar Diego Arnórsson, Tómas Aron Tómasson og Kristján S.F. Jónsson (þjálfari).
Fremri röð frá vinstri: Steindór Snær Ólason, Andri Sigurðsson, Adam Örn Arnarson, Ósvald Jarl Traustason, Nikulás Snær Magnússon, Andri Þór Helgason, Davíð Kristján Ólafsson, Stefán Jónsson og Birnir Bjarnason.



Bikarmeistarar 2010 A1 lið Breiðabliks í 3. flokki.

Aftari röð frá vinstri: Arnór Bjarki Hafsteinsson, Ingiberg Ólafur Jónsson, Andri Þór Atlason, Gunnlaugur Hlynur Birgisson, Guðmundur Friðriksson og Árni Vilhjálmsson.
Fremri röð: Höskuldur Gunnlaugsson, Hrannar Einarsson, Hafþór Haukur Steinþórsson, Oliver Sigurjónsson og Atli Fannar Jónsson.

HANNAÐU HEIMILIÐ MEÐ TENGI



INTRA FRAME stálvaskar




MORA MIXX blöndunartæki

Gæði, þjónusta og ábyrgð - það er Tengi



ALMAR sturtuhausar



STOLTUR STUÐNINGSAÐILI BREIÐABLIKS



Opið: virka daga 8.00 - 18.00 • laugardaga 10.00 - 15.00

Smiðjuvegi 76 • Kópavogi • Sími 414 1000 • Fax: 414 1001 • www.tengi.is
Baldursnesi 6 • Akureyri • Sími 414 1050 • Fax: 414 1051 • tengi@tengi.is



4. flokkur karla

Íslandsmeistarar í 4. flokki karla A1.

Efri röð frá vinstri: Júlíus Ármann Júlíusson þjálfari, Trausti Marel Guðmundsson, Arnór Brynjarsson, Bjarki Þór Hilmarsson, Stanley Örn Axelsson, Bjarki Steinar Björnsson, Aron Þórður Albertsson, Gunnar Árni Guðmundsson, Alexander Helgi Sigurðarson og Kristinn Sverrisson þjálfari. Neðri röð frá vinstri: Júlíus Aron Júlíusson sonur þjálfarans, Andri Stefán Bjarnason, Viktor Karl Einarsson, Sólvi Pálsson, Bjarki Rúnar Kristinsson, Óskar Jónsson, Róbert Steinar Aðalsteinsson, Matthías Garðarsson.

Það voru 94 sprækir strákar sem hófu æfingar hjá 4. flokki karla í október 2009. Eitthvað hefur gleðin spurst út og skemmtunin því í byrjun árs 2010 voru þeir orðnir 112 þegar mest lét. Það er í raun með ólíkindum hvað þeir þjálfarar Júlíus Á. Júlíusson, Kristján S. F. Jónsson og Kristinn Sverrisson unnu gott starf og náðu vel utan um svona stóran hóp.

Í lok janúar hófst Íslandsmót innanhúss, en þar eru aðeins A lið félaga send til keppni. Það er skemmst frá því að segja að Breiðablik fór taplaust í gegnum mótið og varð verðskuldað Íslandsmeistari með markatöluna 30 - 2!

Faxaflóamótið hófst í febrúar og stóð allt til loka maí. Leikið er í nokkrum riðlum og sendi Breiðablik að þessu sinni sex lið til keppni. Árangurinn lét ekki á sér standa enda A lið, B

1- og B 2 Faxaflóameistarar í sínum riðlum. B 3 lenti í 3. sæti, C 1 í 4. sæti og C 2 í 6. sæti. Sannarlega gott upphaf á flottu sumri.

Íslandsmótið hófst í lok maí og stóð nær linnulaust fram í miðjan september. A liðið átti frábært sumar og vann alla sína 11 leiki í riðlakeppninni með markatölunni 77 - 7, geri aðrir betur! Í undanúrslitum lágu Víkingur, Gróttá og Fjölnir 2, markatalan 11 - 0. Í úrslitaleik á Kópavogsvelli þann 10. september, við umgjörð sem þessa stráka hefur dreymt um alla tíð, mættust erkifjendurnir Breiðablik og HK. Eftir þjóðsönginn hófst leikurinn sem vannst 2 - 0 við mikinn fögnuð áhorfenda sem einhverjir töldu að hefðu verið hátt í 500. Sem sagt Íslandsmeistarar í flokki A liða utanhúss árið 2010.

A 2 lenti í afar erfiðum riðli og mætti þar firnasterkum liðum HK, KR, Fram, Víking

o.fl. Engu að síður lentu þeir í 8. sæti af 11 liðum og eru sannarlega reynslunni ríkari eftir sumarið.

B 1 stóð sig frábærlega í sumar og endaði liðið í 2. sæti á mótinu eftir að hafa tapað úrslitaleik við Stjörnuna með minnsta mun 1 - 2. Fyrr um sumarið höfðu þeir sigrað sinn riðil og þar á meðal Stjörnuna. Unnið níu leiki, gert eitt jafntefli og tapað einum leik.

B 2 spilaði átta leiki, vann þrjá en tapaði fimm, oftast en ekki með minnsta mun. Niðurstaðan 6. sæti í sínum riðli.

C 1 lenti í 4. sæti síns riðils, unnu sjö af 12 leikjum sínum og voru með flotta markatölu eða 43-40.

Það var á brattann að sækja hjá C 2. Þrátt fyrir að hafa lent neðst í sínum riðli áttu þeir t.d. góða ferð til Vestmannaeyja og unnu þar

heimamenn sannfærandi 5 - 3. Erfitt sumar en telur í reynslubankanum.

Danacup

29 hressir strákar af eldra ári lögðu upp í DanaCup ferð í lok júlí ásamt fjórum fararstjórum og Júlla þjálfara. Tvö lið frá Breiðablik voru skráð til keppni í B 14 flokknum. Fluglið út gekk vel og var fínt að komast í sólinna og góða veðrið sem lék við hópinn allan tímann. Strákarnir voru hressir og spenntir og ekki var verra að samferða hópnum voru stelpur frá ÍR sem voru að fara á sama mót (gistu reyndar allt of langt frá okkur en þeim mun meira gaman þegar hóparnir hittust). Um leið og komið var út tók fótboltinn völdin, bæði liðin voru í riðli með þremur norskum liðum og fór það svo að okkar lið fóru upp úr sínum riðlum í 32. liða úrslit. Þar lentu Blikar 1 á móti þýsku liði og fengu jafnframt þýskan dómara sem var



Alexander Helgi Sigurðarson fyrirliði að taka á móti bikar.

frekar umdeilt. Eftir drama-
tískan leik sem endaði með
jafntefli var farið í víta-
spyrnukeppni sem þeir
þýsku unnu og þar lauk leik
hjá Blikum 1. Blikar 2
sigruðu sína viðureign í 32.
liða úrslitunum og mættu
hinum brasilísku Pequen-
inos do Jockey í 16 liða
úrslitum og endaði sá leikur
með sigri Brassanna 3 – 0.
Bæði liðin stóðu sig frábær-
lega í mótinu og ekki síður
utan vallar þar sem fram-
koma strákanna var til fyrir-
myndar og þeir sjálfum sér
og félaginu til mikils sóma.

Það er gaman að geta
þess eftir upptalningu á
frábærum árangri 4. flokks
Breiðabliks og þjálfara hans

að um 70% iðkenda eru á
yngra ári og því framtíðin
svo sannarlega björt. Í lok
sumars var svo uppskerunni
fagnað og þar hlutu viður-
kenningar:

Gunnar Árni Guðmundsson
fyrir mestu framfarir.

Bjarni Steinn Eiðsson sem
Bliki ársins.

Alexander Helgi Sigurðsson
sem besti leikmaður flokks-
ins.

*F.h. 4. flokks karla
Sigfríður Sigurðardóttir
Hilmar Magnússon*

Herbalife er stoltur
næringarbakhjarl BREIÐABLIKS

TIL HAMINGJU

MEÐ ÍSLANDSMEISTARATITILINN

Skynsamleg næring

 **HERBALIFE**
sjálfstæðir dreifingaraðilar





5 flokkur karla í Breiðablik taldi um 140 stráka sem gerir hann með þeim fjölmennari ef ekki fjölmennasta flokk landsns. Skipting eftir árgöngum var um það bil jöfn og var æfingasókn nokkuð góð og þá sérstaklega um vorið. Þjálfarar flokksins voru Hans Sævarsson, Frans Garðarsson og Hallur Ólafur Agnarsson. Þeir höfðu sér til halds og trausts þá Hrafnkel, Sverri og Jón Gunnar.

Flokkurinn fór á tvö stutt mót yfir vetrartímann, Keflavíkurmót og Goðamót. Bæði mótin gengu mjög vel

fyrir sig og voru strákarnir félaginu og sjálfum sér til sóma. Þá kepptu drengirnir einnig í Faxaflóamótinu og Íslandsmótinu í Futsal. Verkefni sumarsins var svo Íslandsmótið og að sjálf-sögðu stærsta mót ársins N1 mótið. Gekkt allt vel og fengu allir leiki við sitt hæfi, mikið var um jafna og spennandi leiki sem gerir okkar drengjum gott í framtíðinni við að ná fram markmiðum sínum. Í 5. flokki er mikið af frambærilegum drengjum sem hlúa þarf vel að fyrir framtíðina.



200



BJÖRGUN

SANDUR OG GRJÓT

Steinliggur í garðinn þinn

Hjá okkur fæst grjót og sandur í miklu úrvali. Það er einfalt að koma efninu heim, við mokum á kerruna þína eða þú færð efnið í sterkum pokum sem setja má í skottið.

Opnunartímar:
mán - fös 7:00 - 17:00
Lokað á laugardögum

Sími 563 5600

VÖLUSTEINAR

SIGURSTEINAR

SKELJASANDUR

SANDKASSASANDUR

Björgun ehf • Sævarhöfða 33 • 110 Reykjavík • www.bjorgun.is



Æfingar hófust um miðjan september og fljótlega var ljóst að hópurnir voru stór og kraftmikill. Eldri strákarnir, fæddir árið 2000, voru um 50 í byrjun en þeir yngri, fæddir árið 2001 um 70. Þegar leið á veturinn bættust 10 - 15 strákar við hvorn hóp. Flokknum var skipt í þrennt á tveimur æfingum í viku og einu sinni í viku æfðu árgangarnir saman.

Þjálfararnir voru Hákon Sverrisson, Haukur Már Hjartarson og Sölvi Guðmundsson. Bjarki Karlsson bættist síðan við sem aðstoðarþjálfari og um sumarið kom einnig Kristinn Sverrisson inn sem þjálfari. Á hverri æfingu voru því fjórir þjálfarar til staðar sem tóku á móti 35 - 45 manna hópi í hvert skipti. Æfingarnar byggðust upp á

stöðvaþjálfun þar sem hópnum var skipt upp í 3 - 5 stöðvar á æfingum með 8 - 10 strákum á hverri stöð. Mikið var lagt upp úr tækniæfingum þar sem strákarnir æfðu boltameðferð á litlum svæðum. Spilað var í fámönnum liðum oftast 2:2 og upp í 4:4. Margar sunnudagsæfingar fóru í það að búa til vináttuleiki þar sem fámenn lið spiluðu á mörgum völlum í Fífunni. Þessir leikir hafa þróast upp í 5:5 mót þar sem markmiðið er að spila sem mest af leikjum á sem skemmstum tíma. Strákarnir fá mikið út úr þessum leikjum þar sem vellirnir eru stuttir og mikið um návigi 1:1, margar snertingar hjá hverjum og einum á boltann og liðin sækja mikið til þess að skora mörk. Allt eiginleikar sem við viljum þjálfar hjá hverjum og einum.

Flokkurinn tók þátt í nokkrum mótum á árinu þar sem spilað var 7:7 á ¼ velli. Yfirleitt fóru 12 - 16 lið til leiks á þessum mótum og var megináherslan á að strákarnir fengu eins jafna leiki og mögulegt var.

Eldra árið tók þátt í Shellmótinu í Eyjum en þangað fóru 63 vaskir drengir í sjö liðum. Mótið tókst í alla staði frábærlega og þar náðist sá glæsilegi árangur að flokkurinn og foreldrar fengu þrúðmennskuverðlaun á mótinu sem verður að teljast frábær árangur með stærsta hópinn á mótinu. Yngra árið fór á Nikulásarmótið á Ólafsfirði í byrjun júlí. Fimm lið mættu til leiks og náðist góður árangur hjá öllum liðunum á mótinu. Í júní tóku 16 lið þátt í Pollamóti KSÍ, fimm liðanna spiluðu sig inn í úrslita-keppni sem haldin var í lok

ágúst í Keflavík. Tvö A lið og tvö B lið ásamt einu C liði tóku þátt í átta liða keppni í hverjum flokki. A liðin lentu í 1. og 4. sæti, B liðin í 3. og 4. sæti og C liðið í 5. sæti.

Mörg lið Blika sýndu góðan árangur á mótum ársins en stærsti árangurinn er samt sá að strákarnir tóku miklum framförum í spilmennsku, sendingageta og leikskilningur jókst mikið.

Að lokum viljum við þakka umsjónarmönnum Tryggva og Guðmundu fyrir frábært starf í þágu flokksins á árinu. Þau skipulögðu og héldu utan um öll mót ársins og gerðu það af miklum sóma. Einnig viljum við þakka foreldrum fyrir aðstoðina við hin ýmsu til efni og strákunum fyrir samstarfið á árinu.

*Áfram Breiðablik!
Hákon og Haukur*

Vilji, löngun og gleði er grunnurinn



7. flokkur karla

Allir, sem umgangast börn, vilja með hjartalagi sínu og framkomu reyna að búa til heilsteyptan einstakling. Það er einstakling sem hefur áhuga og vilja til að takast á við verkefni við sitt hæfi, einstakling sem sýnir þroskaframfarir og einstakling sem dafnar við verkefni dagsins. Með þessi sjónarmið að leiðarljósi byggja þjálfarar 7. flokks, með þéttri aðstoð foreldra og unglingaráðs félagsins, upp öflugt og metnaðarfullt starf. Við í 7. flokki metum árangur starfsins okkar ekki með því að telja bikara eða sigra á mótum heldur með því að líta á framfarir hvers drengs og skoðanir foreldra. Framfarir felast þannig í því að barn nái að þroska hæfileika sína, t.d. hreyfifærni, félagslegan þroska, einbeitingu, aga og í raun

viljann til að vera virkur. Við viljum meta árangur okkar á þeim félagslegu, sálrænu og líkamlegu framförum sem strákarnir sýna á æfingum og í öllum samskipt-

um, þótt það gefi stundum af sér verðlaunapeninga og bikara. Ennfremur er kjarni starfsins að eiga þétt samstarf við foreldra, fá þá til að auka gæði starfsins með

ábendingum sínum og beinni þátttöku í ýmsum verkefnum flokksins, s.s. á knattspyrnumótum, í félagsstarfi og öðru. Umgjörð æfinga byggðist





á þremur æfingum í viku yfir vetrartímann og fjórum æfingum yfir sumartímann, þ.e. árgangur 2002 sér og árgangur 2003 sér. Síðan fengu nokkrir 2004 að fljóta með. Ekki hafa áður, svo margir strákar verið jafn virkir í 7. flokki og sjaldan verið eins skemmtilegt á æfingum og mótum.

Venjulega eru 110 strákar á æfingu í hverri viku, 110 til 140 strákar á hverju móti og yfir 170 komnir á skrá í flokknum. Almennt vorum við með 14 lið á mótum.

Grunnmarkmið 7. flokks er að vera fyrsti æfingaflokkur fyrir börn í knattspyrnu, þ.e. að taka vel á móti nýjum iðkendum, leggja mikla áherslu á vellíðan og skemmtilegar æfingar með góðri blöndu af knatttækni ásamt því að rækta óbilandi

áhuga. Venjuleg æfing byggist á leikjum, knatttækni, spili og öðrum boltaæfingum. Markvisst var reynt að skipta hópnum upp innan hvernar æfingar til að strákarnir fengju keppni við hæfi og góða tilfinningu fyrir leiknum. Þótt breytingar sjáist ekki á milli einstakra æfinga þá er alveg ótrúlegt hve sjálfsmýnd, trú á eigin getu, einbeiting, hreyfifærni, félagsleg færni og færni í knattspyrnu tók miklum framförum hjá strákunum. Á tímabilinu voru níu mót og síðan vinaheimsóknir. Við höldum áfram að þróa fimm á móti fimm keppnisfyrirkomulagið, sem Breiðablik hefur haft forgöngu um á Íslandi. Við tókum þátt í þremur þannig mótum en önnur mót voru Keflavíkurmótið, Víkingsmótið,

Þróttaramótið, Skagamótið og Fylkismótið. Hápunktur sumarsins var Skagamótið á Akranesi þar sem 130 Blikastrákar ásamt foreldrum skemmtu sér vel og voru félaginu til sóma.

Fyrir utan mótin voru skemmtikvöld, bíóferð, sofa saman, grænmetisæfingar, vinaæfingar, heimsóknir og fleira. Almennt voru þeir full-orðnir þjálfarar á æfingu og þeir aðstoðarmenn. Í hópnum eru margir efnilegir drengir sem eiga eftir að láta ljós sitt skína í nánustu framtíð, hvort sem það verður í knattspyrnu eða á öðrum sviðum samfélagsins. Eins verður að nefna frábært samstarf við foreldra, sem voru alltaf duglegir að hjálpa til og hrósa strákunum og þjálfurum. Að halda utan um 130 - 150 manna

hóp drengja og foreldra er flókið mál og víst að umsjónarmenn og liðsstjórar gerðu þetta glimrandi vel. Umsjónarmenn voru Árni, Kristján, Guðrún Tinna og Jón Þórðarson en einnig voru foreldrar í matarnefnd, fatarnefnd, svefnnefnd og fleiru tilfallandi.

Það er óhætt að segja að starfið í flokknum á síðasta tímabili hafi gengið frábærlega. Aldrei eins margir að æfa í 7. flokki, strákarnir duglegir á æfingum og mikið að gerast í starfinu.

Í lokin viljum við þakka strákunum sjálfum og fjölskyldum þeirra fyrir frábært samstarf.

*Sverrir, Þórður,
Guðmundur og
aðstoðarþjálfarar.*



200



Er HREINT hjá þér?

Fagleg gæðaræsting fyrirtækja er bæði betri og ódýrari



Hreint ehf. er öruggur valkostur á íslenskum ræstingarþjónustumarkaði, þar sem krafist er faglegra gæðavinnubragða í öllum þáttum þjónustunnar. Við búum yfir þekkingu og reynslu sem er vandfundin hér á landi og bjóðum hana á **höfuðborgarsvæðinu, Akureyri, Selfossi, Akranesi og Hveragerði.**

Hafðu samband í síma 554-6088 eða með netpósti á hreint@hreint.is og við komum að vörmu spori.



Hreint
RÆSTING

- Reykjavík
- Akureyri
- Selfoss
- Akranes
- Hveragerði

Sími 554 6088 • hreint@hreint.is • www.hreint.is



SÉRSNIÐNIR VEFIR LOGO BÆKLINGAR NAFNSPJÖLD EINFALT AÐ UPPFÆRA VEFINN ENDALOUSIR MÖGULEIKAR SANNGJARNT VERÐ NÝJASTA TÍSKA MERKINGAR FLOTTIR VEFIR ALHLIÐA HÖNNUN FAGMENNSKA VEFURINN ER ANDLIT FYRIRTÆKISINS VEFSÍÐUGERÐ OG HÖNNUN Á SAMA STAÐ HÝSING FLASH BORÐAR MÖPPUR DAGBLAÐAAUGLÝSINGAR TEXTAGERÐ LJÓSMYNDUN ÁÆTLANIR TILBOÐ ÍMYND FYRIRTÆKIS HUGMYNDAVINNA ÞARFAGREINING UPPBYGGING

 zebra.is



Neðsta röð frá vinstri: Pórdís Hrönn, Fanndís, Birna, Katie, Sandra Sif og Hildur.
 Miðjuröð: Gíslí, Gréta, Sara Björk, Berglind, Harpa, Guðrún Erla, Hekla, Jóna, Jófríður og Jóhannes Karl.
 Efsta röð: Sigrún, Arna, Ásta Eir, Hlín, Anna Birna, Maura.





Efri röð frá vinstri: Kristín Arnþórsdóttir, Telma Björk Theódórsdóttir, Eyrún Einarsdóttir, Gunnhildur Ómarsdóttir, Tinna Björk Birgisdóttir, Arna Ómarsdóttir, Tinna Rós Orradóttir, Berglind Ómarsdóttir, Ásta Eir Árnadóttir, Berglind Björg Þorvaldsdóttir, Edda Mjöll Karlsdóttir, Jóhannes Karl Sigursteinsson. Neðri röð frá vinstri: Sandra Kristín Júlíusdóttir, Ásta Einarsdóttir, Sigrún Inga Ólafsdóttir, Petra Rut Ingvadóttir, Elín Helena Jóhannsdóttir, Þórdís Edda Hjartardóttir, Kristín Gunnarsdóttir, Þórdís Hrönn Sigfúsdóttir, Hildur Sif Hauksdóttir.

Á síðasta tímabili var 2. fl. kvenna skipaður stelpum fæddum 1991, 1992 og 1993. Um 20 stelpur æfðu reglulega.

Æfingar hófust í nóvember og voru þær í byrjun sameiginlegar með meistarafllokki kvenna undir stjórn Jóhannesar Karls sem stjórnaði liðinu í byrjun Faxaflóamóts sem hófst í október. Stelpurnar stóðu sig vel, spiluðu níu leiki og unnu átta en töpuðu einum og var markatalan 42 – 7. Þar með urðu þær Faxaflóameistarar í lok apríl.

Í janúar var Dúfa Dröfn Ásbjörnsdóttir ráðin þjálfari flokksins. Æfingar gengu

mjög vel og voru stelpurnar duglegar að mæta og er óhætt að segja að sú vinna sem stelpurnar lögðu á sig við æfingar hafi skilað sér, því þegar Íslandsmótið hófst í byrjun maí voru okkar stelpur tilbúnar. Þær náðu mjög góðum úrslitum og spiluðu frábæran fótbolta.

Á Íslandsmótinu spiluðu stelpurnar tólf leiki, unnu átta, gerðu þrjú jafntefli en töpuðu einum leik og markatalan var 37 – 15. Þetta skilaði okkar stelpum öðru sæti og silfurverðlaunum.

2. fl. kvenna tók líka þátt í VISA bikarkeppni KSÍ þar sem okkar stelpur gerðu sér

lítið fyrir og unnu það mót og eru því VISA bikarmeistarar KSÍ, unnu þar KR í mjög spennandi úrslitaleik sem spilaður var á KR velli. Í fyrri hálfleik skoruðu þær Arna Ómarsdóttir fyrirliði og Tinna Rós Orradóttir og lögðu þannig grunn að sigri á góðu liði KR.

Það er óhætt að segja að framtíðin sé björt í kvennaboltanum hjá Breiðablik því margar stelpur úr þessum flokki eiga alla möguleika á að verða meistaraflokksleikmenn í framtíðinni.

Átta stelpur úr 2. fl. æfðu reglulega með meistarafllokki og stigu sín fyrstu skref í efstu deild og stóðu

sig mjög vel, vonandi verður framhald á því.

Það er líka gaman að segja frá því að nokkrar stelpur úr 3. fl. spiluðu leiki með flokknum og án undantekninga stóðu þær sig frábærlega þannig að það verður gaman að fylgjast með flokknum á næstu árum.

Á uppskeruhátíð Breiðabliks fengu þær Arna Ómarsdóttir fyrirliði og Kristín Gunnarsdóttir verðlaun, Arna sem besti leikmaðurinn og Kristín fyrir mestar framfarir.



Rúmlega 30 leikmenn æfðu að staðaldri með 3. flokki kvenna á tíma-bilinu og til að allir leikmenn fengu metnaðarfull verkefni var ákveðið að senda tvö A lið til leiks í mótum. Þó að meiðsli og fjarvera leikmanna bitnaði stundum á úrslitum í báðum liðum, var markmiðinu náð að því leyti að allir leikmenn fengu mikið af erfiðum leikjum og nóg af leikjum. Frá október 2009 til september 2010 tók þriðji flokkur samtals þátt í rúmlega 70 knattspyrnuleikjum.

A2 lenti í fimmta sæti á Faxaflóamóti um haustið, og þriðja sæti í keppni B liða um vorið. Stelpurnar spiluðu svo sem A lið í B riðli á Íslandsmótinu, náðu oft og tíðum góðum úrslitum gegn erfiðum andstæðingum og náðu að lokum fimmta sæti.

A1 lenti í þriðja sæti í Faxaflóamóti haustsins og fjórða sæti á Íslandsmótinu í Futsal og Faxaflóamótinu um vorið. Íslandsmótið byrjaði vel og liðið vann mikilvæga leiki og var lengi vel meðal þeirra efstu í A riðli. En meiðsli og fjarvera leikmanna á seinni helmingi mótsins urðu til að draga úr liðinu og lauk það keppni í 6. sæti. Í VISA bikarkeppni gekk betur og þar fór liðið alla leið í úrslitaleik en varð að sætta sig við tap og

annað sætið. Áræðni og frammistaða liðsins í þeirri keppni var til fyrirmyndar enda var leiðin í úrslit þyrnum stráð. Þriðji flokkur tók einnig þátt í ReyCup í júlí og náði þar þriðja sæti.

Nokkrir leikmenn flokksins fengu verkefni á vegum yngri landsliða Íslands. Elín Helena Jóhannsdóttir lék landsleiki með U17 í Færeyjum og Búlgaríu og Tinna Björk Birgisdóttir í Færeyjum. Ella Dís Thorarensen, Hallveig Jónsdóttir, Ísabella Eiríksdóttir, Huguína Lilja Ólafsdóttir og Gunnhildur Ómarsdóttir voru kallaðar í úrtaksæfingar. Andrea Rán Snæfeld var valin í knattspyrnskóla KSÍ á Laugarvatni. Edda Mjöll Karlsdóttir varð næst markahæst í A riðli Íslandsmótsins og Rakel Hrunð Fannarsdóttir var meðal markahæstu stúlkna í B riðli. Nokkrar stúlkur fengu krefjandi verkefni með 2. flokki og er það vel.

Svava Tyrfingsdóttir var valin besti leikmaður flokksins af þjálfurum. Svava er miðjumaður sem hefur þann góða eiginleika að láta aðra leikmenn í kringum sig spila betur og var mikill leiðtogi á vellinum. María Dögg Elvarsdóttir þótti hafa tekið mestum framförum og vann

sér fast sæti sem mikilvægur leikmaður. Andrea Rán Snæfeld Hauksdóttir var Bliki ársins en þrátt fyrir að vera yngst í flokknum er hún þegar orðin frábær fyrirmynd hvað varðar viðhorf til æfinga og knattspyrnunnar. Edda Mjöll Karlsdóttir var markahæst í flokknum og er leitun að jafn bannvænni stúlku úr fóstum leikatriðum.

Að hafa þrjátíu stúlkur í þriðja flokki er mikill lúxus. Í hópnum eru margir leikmenn sem láta vonandi að sér kveða í framtíðinni. Við þökkum stúlkunum kærlega fyrir árin sem við höfum eytt saman og óskum þeim velfarnaðar innan sem utan vallar.

Daði Rafnsson og Hans Sævarsson





Íslandsmeistarar 2010 4. fl. kvk. B-lið.

Efri röð frá vinstri: Júlíus Ármann Júlíusson þjálfari, Hera Katrín Aradóttir, Emilía Björg Atladóttir, Lovisa Rut Ágústsdóttir, Vigdís Rut Gunnarsdóttir, Snjólaug Benediktsdóttir, Linda Katrín Elvarsdóttir, Helga Katrín Jónsdóttir, Þuríður Simona Hilmarsdóttir, Arnar Arnarson þjálfari. Neðri röð frá vinstri: Selma Sól Magnúsdóttir, Elena Brynjarsdóttir, Ragnheiður Erla Garðarsdóttir, Hekla Sól Prastardóttir, Edda Ósk Dufþaksdóttir, Sunna Rún Heimisdóttir, Ragna Björg Kristjánsdóttir, Seselía Huld Gísladóttir.

Á undirbúningstímabilinu sem byrjaði í október 2010 voru iðkendur flokksins 39 en í kringum áramótin 2009-2010 voru stelpurnar orðnar 45 á æfingu. Hópnar var getuskipt í tvo hópa en æfingarnar voru yfirleitt alltaf eins fyrir báða hópana en þó með mismunandi áherslum. Báðir hópar æfðu fjórum sinnum í viku allt tímabilið. Þjálfarar flokksins voru Júlíus Ármann Júlíusson og Arnar Arnarson. Það fór ekkert á milli mála að þeir náðu vel saman og höfðu virkilega gaman af því sem þeir voru að gera. Æfingarnar voru vel skipulagðar og markmiðin voru skýr. Leikgleiðin skein úr hverju andliti og það var alveg ljóst frá byrjun að þær höfðu getu og metnað til þess að ná langt og því var mikilvægt að halda þeim við

efnið og reyna að laða fram það besta frá hverjum leikmanni.

Íslandsmót

Stelpurnar urðu Íslandsmeistarar í bæði A og B liðum og gerðu það með stæl. A liðið var í fyrsta sæti í A-riðli en þær spiluðu 10 leiki og unnu þá alla og markatalan var 57-5. Sannarlega glæsilegur árangur hjá stelpunum. Þá var komið að undanúrslitakeppninni en þær lentu í riðli með Akranes, KFR og Fylki. Þær unnu Akranes og KFR með sama markamun eða 3-0 og Fylki 2-0. Úrslitaleikurinn var á móti FH á frjálsþróttavellinum við Kaplakrika. Stelpurnar skoruðu sigurmarkið þegar 6 mínútur voru til leiksloka. Úrslitin voru sanngjörn og voru stelpurnar vel að sigrinum komnar. Samanlögð

markatala 66-5 og þær stigu nánast ekki feilspor allt tímabilið með fullt hús stiga. Sömu sögu má segja með B liðið en það spilaði feikna vel og þær urðu Íslandsmeistarar með fullt hús stiga. Þær spiluðu 9 leiki í A riðli og unnu þá alla með glæsibrag. Markatalan var 51-4. Það verður að flokkast undir yfirburðasigur. B-2 var svo 3 liðið sem flokkurinn tefldi fram og enduðu þær í 7 sæti í A riðli í flokki B liða. Þær unnu 2 leiki og gerðu 2 jafntefli og töpuðu 5. Þær töpuðu 2-0 á móti Íslandsmeisturunum. Þess ber að geta að leikur þeirra fór vaxandi þegar líða tók á tímabilið og tóku meðal annars Fylki sem varð í sætinu fyrir ofan í kennslustund 4-0. Þetta verður að teljast glæsilegur árangur hjá stelpunum og þjálfara dúettinum og ekki

má gleyma stuðningi foreldra flokksins sem hvatti þær til dáða hvern einasta leik. Önnur mót sem flokkurinn tók þátt í var Íslandsmót innanhúss. Goðamót, Faxaflóamót, ReyCUP og USA CUP. Íslandsmótið innanhúss er eingöngu fyrir A lið viðkomandi félaga og þar töpuðu stelpurnar í vítakeppni í undanúrslitum og lentu í 3 sæti á mótinu.

Faxaflóamótið

Faxaflóamótið er svona ágætis prófraun á hvernig liðin standa áður en farið er inn í alvöruna og segja má að stelpurnar hafa komið vel undirbúnar eftir æfingar vetrarins. A liðið spilaði 6 leiki og vann þá alla og markatalan 30-3. B liðið gerði enn betur og vann alla sína 6 leiki líka en markatalan var 33-0. Og niðurstaðan því Faxaflóameistarar í A og

B liðum. B-2 vann 2 leiki og 1 jafntefli en töpuðu 3 og niðurstaðan því 5 sæti með aðeins lakari markatölu en FH sem varð í 4 sæti með jafnmörg stig.

Goðamótið

Fór fram á Akureyri en þar var spilaður 7 manna bolti. Breiðablik tefldi fram 4 liðum, A,B,C og D. Þetta var mjög skemmtileg ferð fyrir stelpurnar og sérstaklega vel heppnuð. Öll mót þar sem hópurinn ferðast saman eru ákaflega mikilvæg. Sérstaklega til þess að efla félagsandann í liðinu og þjappa liðinu betur saman fyrir komandi átök. B, C og D liðin unnu öll sína leiki og A-liðið lenti í 2 sæti. Árangurinn góður og skemmtileg ferð.

USA CUP í Minneapolis.

Í október 2009 var tekin sú ákvörðun að fara á eitt stærsta mót í heimi og jafnframt með þeim sterkustu. Þetta er stærsta vallarsvæði

í heiminum eða samtals 52 vellir. Stelpurnar tóku þátt í alls kyns fjóröflunum og voru mjög duglegar að safna og þar spilaði stuðningur foreldra stórt hutverk. 4 flokkur kvenna var skipaður 45 stelpum og því er það aðáunarvert að segja frá því að hver einasta stelpa fór í þessa reynslumiklu ferð. Hópurinn allur með foreldrum og fylgifyskum og þar með talið þjálfarateyminu Júlla og Arnari var hvorki fleiri né færri en 117 manns. Skemmst er frá því að segja að ferðin var ógleymanleg í orðsins fyllstu merkingu en markmiðið með þessari ferð var að reyna að finna þá ferð sem myndi uppfylla alla þá þætti sem knattspyrnan hefur upp á að bjóða með það að leiðarljósi að gera stelpurnar að betri leikmönnum ásamt því að þær næðu að tengjast sem liðsheild. Og það tókst því að upplifun stelpnanna af þessari ferð var ógleymanleg og þær skemmtu sér

konunglega jafnt innan sem utan vallar og muna sennilega seint gleyma þessum góðu tímum. Aðstaðan var frábær og veðrið eins og er alltaf í Kópavoginum sól og blíða. A liðið spilaði í Gold Flight en í þeirri keppni eru sterkustu liðin. Það má segja að riðillinn sem A liðið spilaði í hafi líklega verið sterkasti riðill mótsins þar sem að 2 lið í þeirra riðli fóru alla leið í undanúrslit. A liðið vann sannfærandi sigur í fyrstu umferð úrslitakeppinnar 6-0. Í 8 liða úrslitum lenti A-liðið í hörkuleik en tapaði eftir framlengingu og vítaspyrnukeppni. Liðið sem stelpurnar töpuðu fyrir var Ajax United og fóru þær svo alla leið í úrslitaleik á móti Tony Glavin Lions og beið lægri hlut fyrir þeim 1-0. En þess ber að geta að það lið var með Breiðablik í riðli og endaði sá leikur líka með jafntefli. Liðið endaði í 5.-8. sæti. En litlu mátti muna og stelpurnar fengu hörku leiki sem var eitt af markmiðum

ferðarinnar. B liðið lék í Silver Flight sem er næsti styrkleikaflokkur ásamt B 2. B liðið vann sinn riðil sannfærandi og komst beint í 8 liða A úrslit og sigraði TRSA 3-1. Í undanúrslitum tapaði svo B liðið 2-1 óverðskuld að og niðurstaðan 3-4 sæti sem verður að teljast glæsigur árangur. B2 stelpurnar náðu líkt og B liðið frábærum árangri en þær komust alla leið í 8 liða B úrslit og unnu Cruz Azul 2-0. Í undanúrslitum beið liðið hins vegar lægri hlut gegn MBSA Hot Tameles en því miður þá náðu þær sér ekki á strik í þeim leik. En hins vegar þá mega þær vel við una þar sem að þetta var ótrúlegur árangur og þær geta verið stoltar að ná 3-4 sæti. Stelpurnar í B2 sýndu miklar framfarir og leikgleiðin var í fyrrrúmi. Í heildina var ferðin mjög góð fyrir stelpurnar og ekki má gleyma þætti foreldra og liðsstjóra sem studdu vel við bakið á þeim í þessari



Ásta Rósa Jensdóttir og Steinunn Sigurjónsdóttir fyrirliði með bikarinn 2010.



A-lið: Efri röð frá vinstri: Arnar, Margrét Níls, Ósk, Laufey, Elena og Selma Sól, Júlíus. Neðri röð frá vinstri: Arndís, Kristín Dís, Sandra Erlings og Agla María.

Það er óhætt að segja að stelpurnar hafi staðið sig frábærlega leikárið 2010. Undir stjórn Júlíusar Á. Júlíussonar og Arnars Arnarsonar unnu þær nánast allt sem var í boði. Hvorki fleiri né færri en 15 titlar komu í hús þetta árið. Það verður að teljast magnaður árangur og sérstaklega í ljósi þess að tæplega helmingur hópsins eða 26 stelpur á yngra ári voru að stíga sín fyrstu spor í fótbolta þetta tímabil. Iðkendur í þessum flokki voru því orðnar 57 um áramótin.

Æfingar voru þrisvar sinn- um í viku yfir vetrartímam og fjórum sinnum yfir sumarið. Hópnun var tvískipt eftir getu svo að stelpurnar fengu æfingar við hæfi. Þær sem voru byrjendur sýndu stöðugar framfarir og bættu sig leik eftir leik og hinar sem voru lengra komnar uppskáru einnig árangur erfiðisins.

Fyrsta mót ársins var Íslandsmótið innanhús, sem er eingöngu keppni A liða. Þær unnu sinn riðil í Smáranum og svo var haldið í Garðinn og þar kláruðu

þær úrslitakeppnina með stæl og þar með urðu þær Íslandsmeistarar 2010 innanhúss.

Næsta mót var Goðamótið á Akureyri og þar var keppt í A,B,C og D liðum. Þar mætti Breiðablik til leiks með 6 lið. Stelpurnar skemmtu sér konunglega í þeirri ferð og stóðu sig frábærlega. A,B,C og D1 urðu Goðamótsmeistarar. D2 var í 7.-8. sæti og D3 í 9.-10. sæti en þess ber að geta að þær voru að byrja og áttu eftir að fara hratt upp töfluna í komandi mótum.

Faxaflóamótið vannst líka sannfærandi og bar þess merki um að stelpurnar voru á réttri leið. Sigur vannst í A, B og C liðum í A riðli. C2 var í 1. sæti í B riðli og C3 í 2. sæti í B riðli.

Þæjumót TM var svo næst á dagskrá en það er alltaf stuð að fara til Eyja og ákveðinn sjarmi að spila þar. Stelpurnar tengjast líka og kynnast betur í svona ferðum sem styrkir þær bæði félagslega og andlega fyrir komandi átök. A liðið lagði FH í úrslitaleik 4-1, B liðið sigraði Val 2-1 og C

liðið sigraði Fylki 3-0. C2 var í 9. sæti og D3 í 3. sæti. A, B og C-lið urðu Þæjumótsmeistarar TM. Ósk Jóhannesdóttir var valin í landslið Þæjumótsins og Selma Sól Magnúsdóttir í Pressuliðið og einnig efnilegasta þæjan.

Síamótið fór svo fram í Kópavoginum um miðjan júlí þá vantaði báða þjálfarana, þeir voru með 4. flokki kvenna á USA CUP. Gréta Mjöll tók við stelpunum og stýrði þeim ásamt fleirum stelpum úr meistaraflokki kvenna sem var skemmtileg reynsla fyrir okkar stelpur. A liðið var í 4. sæti, B lið í 3 sæti, C lið í 2. sæti, D1 í 4 sæti og D2 í 7 sæti.

Eftir riðlakeppnina í Íslandsmótinu stóðu leikar þannig: A liðið vann 9 leiki, 1 jafntefli og 1 tap. Markatalan var 75-9. B liðið tapaði ekki leik, vann 10 og 1 jafntefli. Markatalan 59-6. C liðið tapaði heldur ekki leik, unnu 7 og 1 jafntefli. Markatalan 31-4. D1 var í 2. sæti í A riðli og D2 var í 2. sæti í B riðli. Frábær árangur hjá öllum liðum. A og B lið spiluðu í undanúrslitakeppni Íslandsmótsins á

Kópavogsvelli. A liðið vann fyrsta leik sinn í úrslitakeppninni á móti Tindastól 2-1, lentu svo í basli með Aftureldingu sem lyktaði með jafntefli 2-2 en sýndu svo massa leik á móti Fjölni sem vannst sannfærandi 6-0. Úrslitaleikurinn fór svo fram á Hlíðarenda við Val og vannst hann með minnsta mun 1-0 með marki skorað snemma leiks. B liðið vann Þór Akureyri 4-0 og Aftureldingu 8-0 og tóku svo Fylki í síðasta leiknum 1-0. Úrslitaleikurinn fór fram á Hlíðarenda við Val og vannst sannfærandi 3-1 þrátt fyrir að lenda undir í byrjun. C og D liðin spiluðu öll á Fylkisvelli sinn úrslitariðil og voru úrslitin eftirfarandi. C liðið vann Stjörnuna 3-2, jafntefli við Fylki 0-0 og svo sigur á móti Val 3-2 í síðasta leik tryggði þeim dolluna. D1 tapaði fyrsta leik sínum á móti Val með minnsta mun 1-0 en vann svo Fylki 1-0 og Breiðablik D2 1-0. D2 tapaði svo fyrir Fylki og Val.

Það er ekki sjálfgefið að vinna þennan eftirsóttasta titil landsins og því geta stelpurnar verið stoltar yfir



B-lið: Efri röð frá vinstri: Arna, Kristín Alexandra, Kristín Ása, Karen, Lára og Júlíus.
Neðri röð frá vinstri: Fanney, Margrét Kristín, Birgitta, Guðrún Embla og Ólóf.

uppskeru sumarsins. Íslandsmeistarar í A, B og C liðum er magnað og í raun merki um það að allar stelpurnar hafi skilað sínu og gott betur. Að vera í 2 og 4 sæti í D liðum þýðir að þær skipa sér sem 2 af 4 bestu liðum landsins í sínum aldursflokki. Foreldrar, liðsstjórar og að sjálfsgöðu

umsjónarmenn flokksins voru alltaf með púlsinn í lagi og tilbúnir að græja það sem græja þurfti.

Uppskeran var því með besta móti þetta árið og þjálfararnir geta vel við unað. Þeir lögðu mikið upp úr því að reyna að bæta hvern leikmann með því að segja til um hvað betur

mætti fara og á sama tíma að efla liðsandan.

Eftirfarandi eintaklings verðlaun voru veitt á uppskeruhátíð Breiðabliks:

Besti leikmaðurinn: Selma Sól Magnúsdóttir
Mestu framfarir: Agla María Albertsdóttir
Bliki ársins: Ósk Jóhannesdóttir.



Selma Sól Magnúsdóttir að taka við Íslandsmeistaratitlinum í 5. flokki kvenna A-liða 2010.



C-lið: Efri röð frá vinstri: Arnar, Rakei, María Rut, Guðrún Gyða, Sigríður Birta, Helga Sóley og Júlíus.
Neðri röð frá vinstri: Elísabet, Hólmfríður, Hrafnhildur, Logey, Bryndís.



Þrjátíu stelpur hófu æfingar með 6. flokki kvenna fyrir ári síðan. Strax byrjaði að bætast í hópinn og þeim fjölgaði jafnt og þétt. Áður en yfir lauk voru þær orðnar sextíu og fimm.

Stelpurnar æfðu þrisvar sinnum í viku í vetur og fjórum sinnum í sumar og árangur á mótum var oftast góður. A lið tapaði ekki leik frá október fram í júnílok. B og C lið voru yfirleitt í verðlaunasætum. Liðið sigraði í A liða keppni Grindavíkurmóts, VÍS móts og Faxaflóamóts og B liða keppni Landsbankamótsins á Sauðárkróki en þaðan kom flokkurinn heim með verðlaunabikara í flestum liðum. Á Síamótinu náði flokkurinn silfri í keppni C liða og bronsi í keppni A og B liða. Á Íslandsmótinu varð C lið í öðru sæti og A lið í þriðja sæti. Á Fossvogsmótinu náðu einnig öll lið verðlaunasæti og komu heim með eitt silfur og tvö brons.

Fyrir jól komu góðir gestir í heimsókn frá meistaraflokki kvenna. Með góðri hvatningu og dyggri aðstoð foreldra urðu stelpurnar í 6. flokki að dyggum stuðningsmönnum meistaraflokksins og fjölmenntu á

leiki í sumar og lærðu mikið af því. Einnig fóru stelpurnar saman á Ísland-Frakkland í undankeppni HM. Stúlkurnar unnu svo veðmál við þjálfarana með því að standa sig vel á mótum sumarsins og urðu þeir að hlaupa stelpunum til heiðurs frá Laugardal yfir á Kópavogsvöll sem þeir gerðu með glöðu geði.

Sjötti flokkur kvenna er stúffullur af efnilegum og bráðskemmtilegum fótbolta-stúlkum sem eiga eftir að bera hróður Breiðabliks víða.

Daði Rafnsson og Hallur Ólafur Agnarsson





Hópurinn sem keppti á Síamótinu 2010

7. flokkur kvenna hjá Breiðablik hefur það að aðalmarkmiði að hafa gaman af því að æfa knattspyrnu. Það markmið reynum við að uppfylla á margan hátt og við gerðum margt skemmtilegt á tímabilinu sem nú er að ljúka. Gleðin ræður alltaf ríkjum á æfingum og margt er að fást við á æfingum sem snýr að félagsfærni stúlkanna. Keppnisandinn var mikill hjá stúlkunum og mikil vinna fór í að kenna þeim að beina hörkunni í rétta átt. Þetta eru allt skemmtilegar stelpur og erum við þjálfarar þess fullviss að eftir sumarið hafi þær allar tekið miklum framförum bæði í félagslegum þroska, hreyfifærni og fót-boltalegri getu.

Hjá okkur eru flestar stelpur byrjendur og allar eru velkomnar að prufa, allt árið um kring. Við æfðum tvisvar sinnum í viku í vetur og svo fjórum sinnum í viku yfir sumarið. Allar mættu saman í klukkutíma í senn.

Þórður var aðalþjálfari, Brynja hans aðstoðamaður og svo fengu þau hjálp frá nokkrum stúlkum í 3. flokki kvk. Eyrúnu, Helmu og Eddu sem allar unnu gott starf. 7. flokkur kvk sem nú er að kveðja tímabilið er sá stærsti 7. flokkur kvk sem hefur frá upphafi æft á landinu leyfi ég mér að fullyrða. Yfir 70 stúlkur komu og próf-uðu að æfa fótbolta á tímabilinu, 60 stúlkur eru á póstlistanum og yfir 50 stúlkur voru virkar á æfingum og keppni á tímabilinu sem nú er að ljúka. Fjöldi liða á hverju móti var frá þremur til fimm en mest sendum við sjö lið til keppni. Breiðablik var með sjö lið á Síamótinu í sumar og var ekkert annað lið í neinum flokki með fleiri lið á mótinu. Hópurinn hefur líka mjög mikla breidd og margar efnilegar knattspyrnustúlkur eru í hópnum sem gaman verður að fylgjast með í framtíðinni.

Aftek hópsins voru mörg og þau stærstu voru hátt-

vísiverðlaun K.S.Í. á Síamótinu. Annar árangur var m.a. sigur B, C, og D liða á Faxaflóamótinu, fyrsta og annað sæti í A-liða keppninni á Sauðárkróki ásamt þriðja og fjórða sætinu í B-liðakeppninni. Flokkurinn spilaði með fimm lið í A-flokki á Síamótinu og eitt spilaði til úrslita. A-liðið deildi fyrsta sætinu með Val á Fylkismótinu og sigur í B- og C-liðakeppninni á Fylkismótinu ber merki um breidd hópsins og knattspyrnulega getu.

Árangurinn á þessu tímabili var stórkostlegur ef tekið er mark á unnum leikjum, bikurum og verðlaunum sem flokkurinn fékk á árinu. En það á samt ekki að meta árangurinn eftir því, heldur það sem kom fram hér að ofan um framfarir stúlkanna á mörgum sviðum. Það er svo mikið sem spilar inn í að vera að æfa fótbolta og það að taka þátt í stórum mótum er svo mikið meira en bara að mæta og spila leiki. Aðalmarkmiðið á þess-

um mótum er eins og áður sagði að hafa gaman og það er gert á kvöldstundum, í grillinu og milli leikja.

Í sumar kepptum við á þremur mótum; Landsbankamótinu á Sauðárkróki, Síamótinu í Kópavogi og Fylkismótinu í Árbæ en áður höfðum við spilað á Legomóti Aftureldingar fyrir júl, KFC. móti Vikings í maí og keppt á Faxaflómótinu í vor. Breiðablik bauð líka til sín og þáði boð frá HK, Grindavík og FH og spiluðu vináttuleiki við þessi lið á tímabilinu.

Við enduðum svo sumarið á einni allra skemmtilegustu æfingu sem við höfum mætt á, furðufataæfingu. Þá mættum við í allskonar búningum, spiluðum fótbolta og fórum í leiki. Í lok æfingarinnar borðuðum við saman íþróttanammi um leið og við kvöddum fótbolta-sumarið sem nú er að ljúka og hlökkum til þess næsta.

Takk fyrir okkur stelpur!
Þórður og Brynja.

Myndir úr starfinu

Einar I. og Kristín.



Óli Bjöss og Sigurjón Ranvers.



Valdi Valda.



Feðgarnir Björn Hilmarsson og Hilmar Björnsson.

Myndir úr starfinu







VIÐ

ELSKUM

BREIÐABLIK

*Og öll hin liðin í fótboltanum


Til hamingju Blikar með frábæran árangur

SPORT.IS ER MEÐ UM 60.000 LESENDUR Í HVERRI VIKU
FÓTBOLTINN ER HJÁ OKKUR



LEIFUR „HEPPNI“ EIRÍKSSON

Frægasti landkönnuður Íslendinga. Leifur heppni komst að ströndum Ameríku mörgum öldum á undan Kristófer Kólumbusi.



Ég hef fundið margt,
til dæmis Ameríku
og ánægju í viðskiptum
við Vörð

ÁNÆGDUSTU VIÐSKIPTAVINIR TRYGGINGAFÉLAGA ERU HJÁ VERÐI

Hringdu í 514 1000 eða farðu inn á vorður.is til að fá frekari vitneskju og tilboð í tryggingar þínar.

EINFALDAR TRYGGINGAR FYRIR FLÓKIÐ LÍF

 **vörður**